


Spil fyrir
inniveður



Hleypur fyrir
pabba sinn



Sigraðu innkaupin
fyrir útihátíðina
nettó



Lífið > 20


Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

152. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 28. JÚLÍ 2022



Fréttablaðið kannaði aðstæður á Veðurstofu Íslands í gær og rýndi í kortin með Birni Sævari Einarssyni veðurfræðingi. Erfitt hefur reynst að henda reiður á hvornig veðrið verður um verslunar-mannahelgina. Skipst hefur á skin og skúrir í veðurspám. Sem stendur mun hitinn ekki ná tveggja stafa tölu fyrir norðan um helgina þar sem spáð er rigningu. Heldur skárra veðri er spáð fyrir sunnan. Helgin er þó ekki gengin í garð og spáin gæti enn tekið breytingum. Ekki er því ólíklegt að margir ákveði ekki fyrir en síðdegis á morgun hvert stefnan verður tekin.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjölmargar brotalamir í störfum HSS

Vanræksla og mistök áttu sér stað hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja samkvæmt álitserð Landlæknis um andlát konu árið 2019. Ekki var farið að klínískum leiðbeiningum.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Alvarlegir agnárar voru á læknisþjónustu sem veitt var hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, samkvæmt álitserð Landlæknis. Álitserðin var unnin eftir kvörtun Evu Hauksdóttur, sem leitaði til embættisins eftir að móðir hennar, sem var til meðferðar á stofnuninni, lést. Í álitserðinni eru gerðar

margar athugasemdir við störf á stofnuninni og eru viðbrögð við kvörtun Evu sögð „ófullnægjandi og ámælisverð“.

Landlæknir telur að um faglega vanrækslu og mistök hafi verið að ræða í veitingu heilbrigðisþjónustu til móður Evu, „þar sem endurteknum, alvarlegum, bráðum sjúkdómseinkennum var ýmist gefinn enginn eða ófullnægjandi gaumur þegar hún kvartaði endurtekið til HSS á síðustu árum ævinnar.“ Þá er gerð athugasemd við ummæli læknisins um ófullkomna skráningarmöguleika á meðferðartakmörkunum sem „stingi í stúf við klínískar leiðbeiningar um líknar meðferð“.



Endurteknum, alvarlegum, bráðum sjúkdómseinkennum var ýmist gefinn enginn eða ófullnægjandi gaumur.

Úr álitserð Landlæknis

Læknirinn sem sinnti móður Evu hefur legið undir grun um tilefnislausar lífslokameðferðir. Lögmaður hans sagði í Fréttablaðinu á þriðjudag að matsgerðir, sem unnar voru að kröfu lögreglu, væru með þeim hætti að rannsókn lögreglu yrði líklega hætt og mál umbjóðanda hans fellt niður.

Eva telur að þótt skráningu í tölvukerfi spítalans hafi verið ábótavant eigi það ekki að breyta neinu um framhald lögreglurannsóknarinnar. Hún bendir á að allt að sex dauðsföll á HSS hafi verið til rannsóknar en lögreglan hefur beint rannsókn sinni að tveimur læknum sem störfuðu hjá HSS. ■

Suðurland hefur veðurvinninginn

VEÐUR „Veðrið mun stjórnað svo lítið af lægðum. En það þarf að taka fram að það er blíðviðri inni á milli,“ segir Sigurður Ragnarsson veðurfræðingur um helgarveðrið. Hann segir of snemmt að segja til um hvar muni rigna og hvar ekki.

„Ég á allt eins von á að það verði sól,“ segir Sigurður en lofar þó engu. „Ég á frekar von á því að Suðurlandið, og sérstaklega vestan til, verði betra en Norður- og Austurland. Það verður vindasamt með suðurströndinni framan af helgi en síðan færast aðalvindstrengurinn yfir á Norðurland þegar liður á aðfaranótt sunnudagsins.“ **SJÁ SÍÐU 20**

Það má
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Krónan
mælir með!

Mmm ...
Nektarínur
eru bestar
núna!

KRÓNAN



Þýska landsliðið fagnaði sigri gegn því franska í undanúrslitum í gær.

Þýsku stelpurnar mæta þeim ensku í úrslitum á EM

adalheidur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þýskaland og England mætast í úrslitaleik á Evrópumóti kvenna í knattspyrnu á Wembley í London á sunnudag.

Þýskaland hafði betur gegn Frakklandi í æsispennandi undanúrslitaleik í gær á Stadium MK Milton Keynes á Englandi. Staðan var 1-1 í hálfleik en þýski fyrirliðinn Alexandra Popp skoraði sigurmarkið á 75. mínútu og tryggði þjóðverjum sæti í úrslitum.

Alexandra hefur átt stórleik á mótinu og hefur skorað sex mörk, jafn mörg og hin enska Beth Mead. Þær munu því bæði keppa um Evrópumeistaratitilinn og Gullskóinn sem veittur er þeirri konu sem skorar flest mörk á mótinu.

Úrslitaleikur Englands og Þýskalands fer fram á Wembley klukkan fjögur á sunnudaginn. ■

Allir í símanum í Fjallakaffi



Þær voru ekki fjórlegar samræðurnar hjá gestunum sem nutu veitinga og húsaskjóls í Fjallakaffi á Möðrudalsöræfum. Hver einasti gestur í símanum og ríkti grafarþögn. Kannski var mannskapurinn að afla fréttu frá heimalandinu. Kannski höfðu gestirnir ekki komist í almennilegt netsamband lengi. En kannski er símanotkun, jafnvel í afskekktustu kimum heimsbyggðarinnar, orðin að einhverju sem setja mætti spurningarmerki við?

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Velútbúna bíla þarf til að komast yfir Krossá.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Björgunarsveitir á tánum um helgina

benediktarnar@frettabladid.is

FERÐALÖG Búist er við úrhellisrigningu í flestum landshlutum um verslunarmannahelgina og eru björgunarsveitir við öllu búnar.

„Okkar fólk á hálendinu er á tánum eins og annars staðar. Við erum að fylgjast með veðrinu og hálendisvaktin varar fólk við að fara

á litlum bílum yfir árnar,“ segir Otti Rafn Sigmarsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

„Við brýnum fyrir fólki að fara varlega. Ef það treystir sér ekki til að fara yfir vötn á bara að sleppa því,“ segir Otti sem býst þó ekki við ófærð á hálendinu og hvetur fólk til að eiga góða og slysalausla helgi hvar sem það er á landinu. ■



JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN

jardbodin.is

Skerðingarnar of harkalegar

Tryggingastofnun ríkisins krefur 87 ára lífeyrisþega um endurgreiðslu vegna lífeyrisuppbótar frá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Ekki er heimilt að nota frítekjumark á móti. Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða segir skerðingar Tryggingastofnunar allt of harkalegar.

olafur@frettabladid.is

LÍFEYRISMÁL Ólafur Kristjánsson þiggur lífeyri úr Lífeyrissjóði verslunarmanna (LIVE), sem hann greiddi iðgjöld til í hartnær hálfa öld. Að auki fær hann greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Greiðslurnar frá TR eru reiknaðar út frá öðrum tekjum Ólafs, sem í þessu tilfelli eru eingöngu frá LIVE.

Um síðustu áramót fékk Ólafur, líkt og aðrir lífeyrisþegar LIVE, uppbót á lífeyrinn vegna góðrar afkomu sjóðsins. Uppbótin var afturvirk í tíu mánuði og fékk Ólafur 252 þúsund krónur í sinn hlut, sem hann greiddi fulla staðgreiðslu af. Þetta var dágóð búbot.

Í maí síðastliðnum barst Ólafi endurútreikningur frá TR, dagsettur 19. maí, þar sem endurgreiðslu er krafist vegna þess að samkvæmt skattframtali hafi hann haft meiri tekjur en áætlun gerði ráð fyrir og því einungis átt rétt til greiðslna upp á 1.900.145 krónur frá TR í stað 2.054.342 sem honum voru greiddar. Þarna munar 154.197 krónum og að teknu tilliti til staðgreiðslu er krafan á Ólaf 105.703 krónur.

Ólafur kærði endurútreikninginn og sótti um niðurfellingu kröfunnar á þeim grunni að hann þjáðist af þremur tegundum krabbameins og astma að auki og bæri verulegan kostnað vegna þessara veikinda.

Þessari kæru Ólafs hafnaði úrskurðarnefnd velferðarmála með bréfi dagsettu 1. júlí. Hann fékk svo innheimtubréf, dagsett 15. júlí, með



Ólafur Kristjánsson ellilífeyrisþegi telur á sér brotið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Landssamband lífeyrissjóða hefur ítrekað gert athugasemdir við harkalegar skerðingar í kerfinu.

kröfu um að fjárhæðin verði greidd í einu lagi 1. ágúst næstkomandi. Ólafur hefur kært þessa niðurstöðu og má búast við niðurstöðu þeirrar kæru innan átta vikna.

Í samtali við Fréttablaðið segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, samtökin ítrekað hafa komið athugasemdum á framfæri um að skerðingar í þessu kerfi séu allt of harkalegar. Aðspurð segir hún samtökin ekki leggjast alfarið gegn tekjutengingum þar sem slíkt kerfi yrði kostnaðarsamt en nauðsynlegt sé að almannatryggingar

nái að tryggja þeim sem ekki eiga mikil lífeyrisréttindi nauðsynlega framfærslu.

Þórey segir aðspurð að samtökin telji einnig óeðlilegt að ekki skuli vera hægt að nota frítekjumark á móti lífeyrisgreiðslum eins og öðrum tekjum. Lífeyrisgreiðslur séu í raun ekkert annað en launagreiðslur sem fólk frestar þar til það er hætt á vinnumarkaði.

Hún segir að það sé stjórnmálamanna að gera breytingar á kerfinu.

Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir kerfið mikinn frumskóg og í raun allt of flókið. Erfitt sé að átta sig á hver áhrif tekjuauka eða skerðinga á einum stað séu annars staðar í kerfinu. Bendir hún á í því sambandi að ekki sé einungis um að ræða samspil TR og lífeyrissjóða heldur komi einnig til velferðarþjónusta sveitarfélaga.

Aðspurð hvort þessi mál séu of flókin fyrir stjórnmálin að taka á segir Líneik mikilvægt að einfalda kerfið mjög og gera skilvirkara. Velferðarnefnd muni vinna með þetta mál í haust. ■

Nýr MG ZS EV

Til afhendingar í ágúst



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 50 kWh Comfort

320 km WLTP drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð: 4.390.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Kvíaeldi í sjó umdeildasta málið meðal íbúa á Austfjörðum

bth@frettabladid.is

AUSTURLAND Ekkert eitt mál er nú umdeildara meðal íbúa á Austurlandi en laxeldi í sjókvíum. Þetta segir doktor Unnur Birna Karlsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi. Unnur Birna vinnur nú rannsókn á viðhorfum fólks á Austurlandi til sjókvíaeldisins. Þótt rannsókninni sé ekki lokið segir hún vísbendingar um að staðsetning kvíanna ráði miklu um viðhorf íbúanna.



Mjög hagstætt er að leggja einkaþotum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gjaldskrá Isavia á Reykjavíkurvelli tekin til skoðunar

jonthor@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Isavia hefur brugðist við forsiðufrétt Fréttablaðsins í dag með tilkynningu á vef sínum. Þar er greint frá því að gjaldskrá innanlandsflugvalla verði tekin til skoðunar. Í tilkynningu félagsins er vitnað í frétt af forsiðu Fréttablaðsins í gær þar sem greint er frá því að það kosti minna að leggja einkaflugvél á Reykjavíkurflugvelli í fimm daga en að leggja í bílastæðahúsi á Hafnartorgi á sama tíma. Fréttin byggði á gjaldskrá Isavia og staðfesti félagið við Fréttablaðið að útreikningar þess væru réttir.



Stöðugjöld eru í mörgum tilvikum lægri fyrir einkaflugvélar en bíla í Reykjavík.

Í tilkynningu Isavia segir að gjaldskráin verði meðal þess sem tekið verði tekið til skoðunar þegar þjónustusamningur íslenska ríkisins við Isavia um rekstur innanlandsflugvalla á Íslandi verði endurskoðaður á næsta ári. ■

Á Seyðisfirði hefur verið mikil andstaða við sjókvíaeldi að sögn Unnar. Þar er búið að stofna samtök gegn fyrirhuguðu sjókvíaeldi. Unnur segir að það séu ekki síst náttúruverndarsjónarmið sem séu ofarlega á baugi hjá mótmælendum. Sumir haldi því fram að eldið henti illa fyrir ferðaþjónustu. Á Stöðvarfirði hafi verið mótmæli vegna sjónrænna áhrifa. „Fólk horfir kannski út um gluggann sinn beint á þessar kvíar. Það spillir sjónrænni upplifun,“ segir

Unnur Birna og bætir við að einnig sé ótti vegna blöndunar við villtan lax. Stuðningur er hins vegar meðal Austfirðinga við þá atvinnusköpun sem hefur orðið í greininni. Fjöldi starfa er þó nokkuð óljós og hluti rannsóknarinnar felst í að kortleggja þann þátt. Á Djúpavogi hefur fjöldi fólks unnið við að slátra laxi. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að kanna kynjaskiptingu starfa. Spurð hvort um sé að ræða karllæga



Fólk horfir kannski út um gluggann sinn beint á þessar kvíar. Það spillir sjónrænni upplifun.

Unnur Birna Karlsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi.

atvinnusköpun segist Unnur Birna ekki geta staðhæft um það á þessu stigi en stjórntaumarnir séu í öllu falli karllægir. Varðandi óspillta náttúru og sjónræn áhrif segir Unnur umhugsunar efni hvort fylla skuli alla firði. „Beir hafa verið að færa út kvíarnar í bókstaflegri merkingu.“ Sjúkdómurinn blóðþorri hefur tímabundið lamað mestalla laxeldisstarfsemi á Austurlandi. Skammt mun þess þó að biða að greinin taki aftur við sér. ■

Samtökin sökuð um áróður og lygar

SFS og Framsýn greinir á um stöðu launa í fiskvinnslu. Hæst í heimi, segja SFS. Framsýn segir launin aftur á móti mjög léleg, eða eða á bilinu 370.000-387.000 krónur.

bth@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Hörð átök eru milli stéttarfélagsins Framsýnar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Formaður stéttarfélagsins sakar framkvæmdastjóra SFS um haugalygi. Staðhæfingar um að laun fiskvinnslufólks hér á landi séu þau hæstu í heimi eigi ekki við nein rök að styðjast. SFS visar staðhæfingum stéttarfélagsins á bug.

Í grein sem Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, skrifaði segir: „Laun í fiskvinnslu á Íslandi eru hærri en meðallaun í landinu og þau hæstu í heiminum.“

Þetta segir Aðalsteinn Á. Baldursson, framkvæmdastjóri Framsýnar, alrangt. Hafa póstar gengið þeirra á milli þar sem Aðalsteinn spyr hvort Heiðrún sé ekki að grínast. Heiðrún skrifar á móti: „Það kemur mér satt að segja á óvart hversu mjög þér gremst þetta.“

Í samtali við Fréttablaðið segir Aðalsteinn um þá staðhæfingu að laun séu hæst í heimi hér: „Þetta er haugalygi.“ Hann bætir við: „Ég fékk hagfræðing ASÍ til að reikna út faglega sannleiksgildi þessara orða og eins og ég vissi þá er þetta alrangt. Þetta er allt saman lygi.“

Aðalsteinn segir að taka verði með í reikninginn að ef fiskvinnslufólk vinni eins og þrælur, jafnvel 200-300 tíma á mánuði, skili það sér í hærri tekjum. Það breyti því ekki að launin séu of lág. Mun hærri laun séu í fiskvinnslu bæði í Noregi og Færeyjum.

Ekki standi þó á Framsýn að eiga gott samtal við forsvarsmenn SFS í komandi kjaraviðræðum um að



Langflestir sem starfa nú í fiskvinnslu á Íslandi koma frá öðrum löndum. Launin eru þannig að Íslendingar velja sér fremur önnur störf, að sögn formanns Framsýnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Þegar við fjöllum um laun í fiskvinnslu þá erum við að tala um allt starfsfólk.



Heiðrún Lind, framkvæmdastjóri SFS

tryggja fiskvinnslufólki á Íslandi bestu launakjör.

„Það sem styrkir okkur í þeirri trú eru fullyrðingar SFS um að sjávarútvegur á Íslandi sé sá arðsamasti í heimi,“ segir Aðalsteinn. „Látum þá verkin tala. Tryggjum fiskvinnslufólki mannsæmandi laun.“

Heiðrún Lind visar á bug að hún hafi farið með ósannindi varðandi launin.

„Þegar við fjöllum um laun í fiskvinnslu þá erum við að tala um allt starfsfólk þar, ekki eingöngu þann takmarkaða hluta sem sinnir verkamannastörfum í greininni,“ segir hún.

Heiðrún segir að í umfjöllun SFS hafi samtökin ávallt tekið fram að verið sé að ræða um staðgreiðsluskyldar launagreiðslur, eins og þær séu settar fram í tölum Hagstofu.

„Í því samhengi höfum við jafnframt tekið fram að þar sé ekki

tekið tillit til vinnustunda. Það er vitaskuld fleira sem hefur áhrif á laun, eins og menntunartig og fjöldi sérhæfðra starfa, svo eitthvað sé nefnt. Hvað sem allri gagnrýni liður, þá vona ég að við Aðalsteinn séum sammála um að það sé afar jákvætt að meðallaunagreiðslur í fiskvinnslu séu orðnar hærri en meðallaunagreiðslur heildarinnar hér á landi, en þær voru 80 prósent af meðaltalinu árið 2008,“ segir Heiðrún.

Einnig bendir framkvæmdastjóri SFS á að munurinn hafi farið stöðugt minnkandi og í fyrra hafi launagreiðslur í fiskvinnslu farið yfir landsmeðaltalið. „Það er sannanlega frétt næmt.“

Föst mánaðarlaun hjá fiskvinnslufólki á Íslandi eru samkvæmt upplýsingum frá Framsýn á bilinu 370.000-387.000 krónur. Vitnar félagið þar í gildandi launatöflur frá aðilum vinnumarkaðarins. ■

FULLKOMINN Í BORGARFERÐIR

„Ítölsk hönnun hefur alltaf veitt okkur í HAF studio mikinn innblástur og þess vegna varð rafknúinn Fiat 500e fyrir valinu.“

Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir

NÝ SENDING Á LEIÐinni – TRYGGÐU ÞÉR EINTAK



ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA



FIAT.IS • ISBAND.IS



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur

**Troðfull verslun af
merkjavöru!**

Rýmning
Lokadagar

900%

afsláttur af öllum vörum

Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 sími 568 9512

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO
ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

Haturstjáning geti stigmagnast og leitt til hatursglæpa

thorgrimur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Ég tel haturstjáningu alltaf alvarlega þegar hún er orðin svona algeng.“ Þetta segir Eyrún Eyþórsdóttir, lektor í lög-reglufræðum við Háskólann á Akureyri, vegna skemmdarverks sem var tvívegis unnið á regnbogafána við Grafarvogskirkju um helgina. Skemmdarverkið er á meðal nokk-urra tilvika meintrar haturstjáning-

ar sem hefur verið viðhöfð gegn hin-segin fólki á Íslandi að undanförnu. Hatursorðræða varðar við 233. grein almennra hegningarlaga og getur sætt sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Eyrún segir þó að skemmdarverk-in við Grafarvogskirkju gætu flokk-ast sem hatursglæpur fremur en haturstjáning. Yrði þá, samkvæmt lagabreytingu sem samþykkt var fyrr á árinu, dæmdur hegningarauki



Eyrún Eyþórsdóttir, lektor í lögreglufræðum við HA

fyrir annað brot, eignaspjöll í tilviki skemmda við Grafarvogskirkju, vegna hatursásetnings gagnvart minnihlutahópi. Að sögn Eyrúnar er hætta á því að haturstjáning geti stigmagnast ef hún er látin óáreitt og leitt til beins ofbeldis. „Í raun og veru séu stigin þannig að þetta byrji á að fólk sé með rasíska brandara eða tali hugsunarlaust gagnvart minni-hlutahópum þótt það sé ekki endi-

lega neinn ásetningur til að særa. Síðan magnist þetta og tjáning verði harkalegri og harkalegri. Haturstjáning felst í því í eðli sínu að afmarka einhvern hóp, ráð-ast svo gegn honum og að einhverju leyti réttlæta ofbeldi gegn honum. Ef haturstjáning fær bara að flæða er meiri hætta á að fólk taki hana til sín og fari að beita líkam-legu ofbeldi eða skemmdarverkum, sem er þá orðið hatursglæpur.“ ■



Náttúruböð á borð við Bláa lónið voru vinsælasta afþreyingin meðal erlendra ferðamanna, en sex af hverjum tíu nýttu sér slíka afþreyingu árið 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Erlendir ferðamenn öruggir á Íslandi

erlamaria@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn finna fyrir miklu öryggi þegar þeir ferðast um Ísland, en níu af hverjum tíu sem sóttu landið heim í fyrra sögðust upplifa sig mjög örugga hér á landi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri könnun Ferðamálastofu. Rúmlega þrettán þúsund erlendir ferðamenn sem heimsóttu landið á tímabilinu júní til desember 2021 tóku þátt í könnuninni, sem er ætlað að gefa skýrari mynd af atferli og viðhorfum ferðamanna á Íslandi. Spurðir að því hvaðan hugmyndin að Íslandsferðinni hefði komið nefndu 95 prósent svarenda náttúru landsins eða einstök fyrirbæri. Þá hafði mikill meirihluti ferðamanna ekki komið áður til landsins, eða átta af hverjum tíu. Níu af hverjum tíu komu hingað

til lands í fri, en rétt um fimm prósent voru að heimsækja vini eða ættingja. Mikill meirihluti svarenda heimsótti höfuðborgarsvæðið, eða ríflega níu af hverjum tíu ferðamönnum, og rúmlega átta af hverjum tíu heimsóttu Suðurland. Þá heimsóttu hlutfallslega fæstir Vestfirði, eða tæplega fimmtungur. Náttúruböð, spa-meðferðir og dekur voru vinsælasta afþreyingin, en sex af hverjum tíu nýttu sér slíka þjónustu og sögðust níutíu prósent þeirra ánægð með hana. Langflestir voru ánægðir með Íslandsferðina, en nærri átta af hverjum tíu voru ánægðir. Bandaríkjamenn og Bretar voru ánægðastir allra þjóðerna, eða rúmlega níu af hverjum tíu. Þá sögðu tæplega sjötiu prósent svarenda mjög líklegt að þau myndu mæla með Íslandi sem áfangastað við fjöl-skyldu, vini eða vinnufélaga. ■



Aðgerðasinnar „fagna“ þolmarksdeginum í Berlín árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ólánsdagurinn sem færist sífellt framar á dagatalinu

Á þolmarkadeginum fer mannkynið í yfirdrátt á auðlindum sem jörðin getur endurnýjað á einu ári. Dagurinn hefur færst framar um hálf tölvan ár síðan hann var fyrst reiknaður fyrir rúmum fimmtíu árum.

thorgrimur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Í dag er alþjóðlegur þolmarkadagur jarðarinnar ársins 2022. Það þýðir að heimsbyggðin hefur nú gengið svo á auðlindir jarðarinnar að þær verða ekki endurnýjaðar á árinu. Mannkynið er í reynd komið í yfirdrátt á auðlindum það sem eftir er af árinu, eins og hefur verið raunin öll síðustu ár. Samtökin Global Footprint Network reikna út hvenær þolmarkadagurinn rennur upp á ári hverju. Við útreikning dagsetningarinnar eru lífsgeta plánetunnar annars vegar og vistspor mannkynsins hins vegar reiknuð í svokölluðum jarðhekturum. Einn jarðhektari er skilgreindur af Landvernd sem meðalgeta ákveðins svæðis á jörðinni til að nota til ræktunar, orkuframleiðslu og allrar neyslu. Global Footprint Network reiknar þolmarkadaginn með því að deila lífsgetu plánetunnar með vistspori mannkynsins og margfalda síðan með dagafjölda ársins. Þolmarkadagur ársins 2022 er einum degi á undan þolmarkadegi síðasta árs, sem var 29. júlí. Þessi dagsetning hefur þó ört verið að færast framar á dagatalið með hverju árinu frá 1970, þegar dagsetningin var fyrst reiknuð. Það ár var þolmarkadagurinn í lok desember en á tíunda áratugnum hafði hann færst tveimur mánuðum framar og árið 2020 var hann kominn fram í ágúst.



Þetta er ekki vandamál sem einstaklingar bera ábyrgð á og heldur ekki vandamál sem einstaklingar leysa einir.



Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

„Við setjum þetta inn í dagatalið hjá okkur og notum þolmarkadaginn til að minna fólk á að stilla neyslu í hóf, ferðast kannski með öðrum hætti og reyna að nota minna af einnota plasti og öðru slíku,“ segir Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, umhverfissérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Það spilar allt inn í. Við vitum sirka innan hvaða ramma við þurfum að lifa og við erum búin að setja okkur markmið í Parísarsamkomulaginu. Þetta er ekki vandamál sem einstaklingar bera ábyrgð á og heldur ekki vandamál sem einstaklingar leysa einir,“ segir Jóhannes. „Þetta er sameiginlegt vandamál ekki bara Íslendinga, heldur allra. Við þurfum öll að bera einhverja ábyrgð á öllum stigum, hjá stjórnvöldum, fyrirtækjum og einstaklingum. Það þurfa allir að gera vel til að milda



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

áhrifin af þessu hnattræna vanda-máli.“ Global Footprint Network birtir einnig dagsetningar þolmarkadaga sem reiknaðir eru út frá stökum ríkjum. Ísland er ekki meðal þessara ríkja en Auði Önnu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra Landverndar, list vel á þá hugmynd að Ísland bættist í hóp ríkjanna þar sem þolmarkadagurinn er reiknaður og birtur. „Danmörk og hin Norðurlöndin hafa verið með þolmarkadaga í mars,“ segir Auður. „Við getum gert ráð fyrir því að Ísland sé á svipuðum slóðum. En reikningurinn er byggður á losunartölum að miklu leyti, og losun á Íslandi á hvern íbúa er mjög há. Hún er hærri en á flestum hinum Norðurlöndunum. Síðan er þetta líka ásókn í auðlindir og hvort þær eru nýttar með sjálfbærum hætti.“ Auður telur algeran skort á viðbrögðum einkenna afstöðu stjórnvalda þrátt fyrir að afleiðingar þessa auðlindayfirdráttar verði sífellt skýrari. „Það er hægt að líta á loftslagið sem auðlind, en það er auðlind sem er sameiginleg og hlýðir engum landamærum. Loftslagið getur tekið við ákveðnu magni af gróðurhúsalofttegundum og það er langt síðan við höfum farið fram úr því. Hafið tekur líka við mikið af gróðurhúsalofttegundum og hafið er að hlýna og súrna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.“ ■



Talið er að Pelosi heimsæki Taívan á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kínverjar hótá afleiðingum láti Nancy Pelosi verða af heimsókn til Tavían

adalheidur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Þótt fyrirhuguð heimsókn Nancy Pelosi, forseta Bandaríkjaþings, til Taívan hafi ekki ekki verið staðfest hafa Kínverjar þegar hótáð því að slík heimsókn hefði afleiðingar fyrir samband Kína og Bandaríkjanna. Bæði ríkisstjórn og hernaðaryfirvöld í Kína hafa mótmælt öllum opinberum heimsóknum til Taívan

eða yfirlýsingum um stuðning við málstað landsins. Möguleg heimsókn Pelosi hefur þó vakið sérstaklega hörð viðbrögð Kínverja. Ekki hefur fengist staðfesting á heimsókninni en bandarískir miðlar hafa eftir heimildum að hún gæti orðið á allra næstu vikum. Verði heimsóknin að veruleika yrði það í fyrsta sinn í aldarfjórðung sem svo háttsettur embættismaður frá Bandaríkjunum heimsækir landið. ■



blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Lýkur um helgina



Parket
30-50%
afsláttur

36%

B

BERK

Þvottavél 1400 sn.
8 kg, 14 mismunandi þvottakerfi.
Hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB.
Stærð: 85x47x59,5 cm. 1860471

49.990 kr
~~78.990~~ kr

30%



Sláttuvél

Bensínmótor, sláttubreidd 46 cm,
6 hæðastillingar 28-75 mm, 65 ltr.,
safnari. 5085301

45.490 kr
~~64.990~~ kr

Vefverslun
**Sendum
um land allt**



husa.is

40%

FERRO

Eldhústæki
Ferro Zumba.
7810100

11.390 kr
~~19.990~~ kr

30%



Tjald Pop Up
3ja manna, 240x210x105
cm, túrkís. 2991070

7.990 kr
~~11.490~~ kr

14,35 kW

30%



NEXGRILL

Gasgrill Classic 3B
3ja brennara grill með hliðarhellu.
Grillflötur: 62,2x43,4 cm. 3002011

47.590 kr
~~67.990~~ kr

30%



Garðstóll

Með sessu og hliðarborði.
3880005

24.490 kr
~~34.990~~ kr



Skóðaðu RISA
útsölublaðið
á husa.is

Pallaefni **25%** afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Tekist á um mikilvæga innviði fjarskipta



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Undanfarnar vikur hafa skeytasendingar gengið á milli franska sjóðstýringar-fyrirtækisins Ardian og Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirhugaðra kaupa Ardian á Milu, dótturfyrirtæki Símans. Athugasemdir eftirlitsins hafa leitt til þess að breytingar hafa verið gerðar á samningum og kaupverðið lækkað um 5 milljarða.

Ardian er innviðafjárfestir en jafnframt eitt stærsta sjóðstýringar-fyrirtæki Evrópu með umsvif upp á 130 milljarða Bandaríkjadala. Meðal fjárfesta í Ardian eru ríkisstofnanir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög og stofnanafjárfestar.

Sérstök innviðadeild Ardian hefur undanfarin fimm ár lagt aukna áherslu á fjárfestingar í stafrænum innviðum, auk orku- og samgönguinnviða. Fyrirtækið fer meðal annars með ráðandi hlut í félagi á Ítalíu sem sérhæfir sig í eignarhaldi og rekstri farsímaturna. Þá fer sjóðurinn með stóran hlut í leiðandi orku- og fjarskipta-fyrirtæki í Þýskalandi auk annarra hluta í orkufélögum á Spáni og Ítalíu.

Á síðasta ári var greint frá því að Ardian og Síminn hefðu gert með sér samning um kaup fyrrnefnda fyrirtækisins á Milu.

Mila er dótturfyrirtæki Símans og annast fjarskiptaþjónustu í heildsölu. Það er því innviða-fyrirtæki af svipuðum toga og þau fyrirtæki sem Ardian hefur beint sjónum sínum að undanfarin ár.

Samningur Ardian og Símans var háður samþykki Samkeppniseftirlitsins en á síðustu vikum hefur komið í ljós að eftirlitið telur mun veigameiri annmarka á viðskiptunum en fyrirtækin höfðu gert ráð fyrir í upphafi.

Fyrir skemmstu tilkynnti Ardian síðan Símanum að skilyrði Samkeppniseftirlitsins væru svo íþyngjandi að forsendur kaup-samningsins væru í raun brostnar.

Í framhaldinu settust Síminn og Ardian aftur að samningaborðinu og gengu frá nýjum kaupsamningi á grundvelli skilyrða Samkeppniseftirlitsins. Við þær breytingar



Kaup Ardian á Milu þýða í raun að klippt er á strenginn á milli Símans og Milu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

lækkaði heildarvirði viðskiptanna úr 78 milljörðum króna í 73 milljarða.

Kaup Ardian á Milu þýða í raun að klippt er á strenginn á milli Símans og Milu. Það sem áður var eigendasamband tveggja fyrirtækja verður hefðbundið viðskiptasamband.

En þó ekki að öllu leyti því eitt af því sem staðið hefur í Samkeppniseftirlitinu er þjónustusamningur sem fyrirtækin gerðu með sér samhliða sölunni. Sá samningur tryggir Ardian áframhaldandi viðskipti Símans á óbreyttu verði yfir ákveðið tímabil.

Í athugasemdum Ardian hefur verið bent á að öðrum fjarskiptafyrirtækjum standi til boða að kaupa þjónustu Milu á sömu kjörum og Símanum. Þjónustusamningurinn hafi því ekki neikvæð áhrif á samkeppni á markaði eða verðlagningu.

Helstu keppinautar Símans hafa jafnframt lagt áherslu á mikilvægi þess að rjúfa áðurnefnd eignatengsl Símans og Milu og mælst til þess að Samkeppniseftirlitið heimili söluna.

Það sem flækir hins vegar stöð-



Það sem flækir hins vegar stöðuna, á þessum markaði umfram aðra, er að um verðlagninguna á fjarskiptamarkaði gilda talsvert strangari reglur en í öðrum atvinnugreinum.

una, á þessum markaði umfram aðra, er að um verðlagninguna á fjarskiptamarkaði gilda talsvert strangari reglur en í öðrum atvinnugreinum. Samkvæmt fjarskiptalögum hefur Fjarskiptastofa til að mynda heimild til að hlutast til um verðlagningu á þjónustu fjarskiptafélaga á þeim grunni að um mikilvæga innviði sé að ræða.

Auk þjónustusamningsins hefur Samkeppniseftirlitið bent á að það ríki í raun samkeppni á fjarskiptamarkaði á Íslandi hvort sem af sölunni verði eða ekki. Eftirlitið telur ekki nægilega vel sýnt fram á hvernig samruninn leiði til hagræðingar fyrir neytendur þar sem nágildandi samningar tryggi nú þegar samkeppni.

Þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningi Ardian og Símans á enn eftir að fá úr því skorið hvort Samkeppniseftirlitið fallist á skýringar Ardian og telji öll skilyrði sölunnar uppfyllt.

Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað minnt á að hlutverk stofnunarinnar sé fyrst og fremst að tryggja hagsmunum neytenda og standa vörð um samkeppni. ■

Vilja hugmyndir sem leysa samfélagslegan vanda

magdalena@frettabladid.is

Vaxtarrýmið Snjallræði hefur göngu sína í lok ágúst. Vaxtarrými (e. incubator) er líkt nýsköpunarhraðli en er frábrugðið að því leyti að vaxtarrýmið nær yfir lengra tímabil og meiri áhersla er lögð á sjálfsvinnu fyrirtækjanna. Að baki Snjallræði stendur Klak – Icelandic Startups en þau auglýsa nú eftir þátttakendum.

Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Klaks, segir í samtali við Markaðinn að Snjallræði leggi sérstaka áherslu á að þátttakendur séu að leysa raunveruleg samfélagsleg vandamál.

„Snjallræði hefst í ágúst og stendur fram í byrjun desember þannig að það spannar 16 vikur. Markmiðið er að hjálpa frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum en líka nýsköpunarverkefnum hjá félagasamtökum og stofnunum við að ná árangri. Við erum að leita að verkefnum sem leysa einhvern brýnan samfélagslegan vanda,“ segir Kristín og nefnir að ýmis fyrirtæki sem eru starfandi í dag hafi tekið þátt í Snjallræði. Sem dæmi megi nefna Bergið Headspace og Green Bytes. Hún bætir við að í ár sé Klak að fara í spennandi samstarf með MIT DesignX.



„Þungamiðjan í vaxtarrýminu eru þessar fjórar tveggja daga vinnustofur með sérfræðingum frá MIT en þeir koma hingað í Grósku og verða með okkur á staðnum en til viðbótar verða vinnustofur haldnar af Klaki í samstarfi við ýmsa háskóla.“

Í ár er fyrsta skiptið sem Klak er í formlegu samstarfi við MIT DesignX en Kristín segir að sam-

starfið bjóði upp á marga spennandi möguleika.

„Þetta prógramm sem MIT hefur verið að þróa í fjöldamörg ár þykir virkilega gott. Okkar markmið er að auka líkurnar á að fólk sem er með góða lausn á raunverulegu vandamáli geti látið hana verða að veruleika og stuðlað að samfélagsumbótum.“

Snjallræði er nú haldið í fjórða sinn en verkefnið var stofnað af Höfða friðarsetri í samstarfi við Háskóla Íslands árið 2018. Kristín bætir við að það sé ekki skilyrði fyrir þátttöku í Snjallræði að vera með fullmótaða hugmynd.

„Við erum að taka á móti umsóknum sem eru frá hugmyndarstigi frá frumkvöðlum eða nýsköpunarverk-



Okkar markmið er að auka líkurnar á að fólk sem er með góða lausn á raunverulegu vandamáli geti látið hana verða að veruleika.

Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Klaks

efni frá sveitarfélagi. Við viljum í ár leggja sérstaka áherslu á nýsköpun í heilbrigðis- og velferðartækni og því getur þetta verið kjörið tækifæri ef einhver innan viðeigandi stofnana er með hugmynd til að hrinda henni í framkvæmd.“

Hægt er að sækja um á vefsíðu Klaks til 7. ágúst á klak.is/snjallræði. ■

Skál!

heimkaup

Einsleitni óskast



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Mannréttindabarátta hinsegin fólks á Íslandi má ekki verða fyrir bakslagi. Allt það sem áunnist hefur í þeim efnum á síðustu áratugum þarfnast sífelldrar aðhlynningar. Þar má engan afslátt gefa. Aldrei.

Og því þarf að stíga fast til jarðar þegar hatríð vellur af vörum þröngsýnna íhaldspunga sem hatast út í fólk fyrir það eitt að vilja kannast við sig sjálft.

Hér er heill og framtíð fólks í húfi, manneskja sem biðja um það eitt að fá að njóta lífsins í þokkalega viðsýnu og umburðarlyndu samfélagi sem gerir ráð fyrir fjölbreytileika og frjálsræði.

Og það er akkúrat hér sem íslensk þjóð þarf að staldra við. Er vilji til þess að snúa klukkunni við? Blundar svo forheimsk íhaldssemi á meðal eyjarskeggja að þeir hreinlega óski sér gömlu og grámyglulegu einsleitninnar sem einkenndi staðnað og stórhættulegt íslenskt samfélag lengi fram eftir síðustu öld þar sem karllæg drottunargirni var um það bil að ganga af samfélaginu dauðu?

Er einsleitni óskað á ný?

Þegar sá sem hér heldur á penna byrjaði í blaðamennsku fyrir fjörutíu árum var samfélagið meira og minna allt í felum. Það þorði ekki að kannast við sjálft sig af ötta við úti-lokun og barsmíðar. Fólk flúði þetta land. Það þorði ekki að búa hér, svo vont var Ísland í þá daga.

Og raunar lifði landið á lyginni. Það lá við sjálft að ekkert heimilisofbeldi þekktist þá á Íslandi, hvað þá nauðganir og sífjaspell, og alls ekkert barnanið, heldur ekkert þunglyndi og þagað var um sjálfsvíg, vart var að nokkur einasti hommi eða lesbía flíkaði tilfinningum sínum á torgum, að ekki sé minnst á hinsegin fólk af öllu tagi – og raunar var svo að sjá á yfirborði samfélagsins að allir væru þar steyptrir í sama mót.

Viljum við þessa lygi á nýjan leik?

Svarið er afdráttarlaust nei – og af svo mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi af mannúð og væntumþykju fyrir lífsþrá fólks í landinu – og allra manneskjanna sem gera það svo spennandi og auðgandi í margbreytni sinni. Í öðru lagi vegna þess að við trúum almennt á réttlæti og viljum ekki gefa nokkurn afslátt af því. Og í þriðja lagi vegna þess að við einfaldlega höldum með fólkinu okkar, hverju og einu einasta.

Og já, við höldum með lífinu. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

Smátt

Íslenska eftirlitskerfið hefur öðru fremur áhuga á því smáa, miklu fremur en því stóra og flókna sem á þó að heita meginvandamálið í samfélaginu. Þess vegna lætur apparatíð stórútgærdina í friði á meðan málum strandveiðisjómannna er komið í öfni. Þess vegna er frístundabóndi á Völlum í Svarfaðardal eltur uppi fyrir þær sakir einar að halda nokkra fiska í heimatjörnninni á meðan sjókvíaelðið í heilu fjörðunum fær að breyta umhverfismati að sínum hentugleika. Þess vegna er bóndagarmur norður í landi sem hefur áhuga á taðreykingu silungs settur út af sakramentinu á meðan dýranið í blóðmerahaldi og minkarækt er látið átölulaust.

Og stórt

Hér ber allt að sama brunni. Íslenska embættismannakerfið á eftirlitsstofnunum þarf náttúrlega að sýna að það sé til einhvers gagns – og dvelur því aðallega við litla meðaljóninn sem er að reyna að lifa af harðbýlið í þessu landi með veiðum og vinnslu í sem smæstum og umhverfisvænstum stíl. Þetta á raunar við um hvaða atvinnugreinar sem er, en á sviði fjölmiðlunar hefur fjölmiðanefnd mestan áhuga á að elta minnstu miðlana uppi og sekta þá upp í rjáfur á meðan fillinn í glervörobúðinni fer sínu fram á fjárlögum. ■

Kviðlingur ræður kasti



Jakob Frimann Magnússon
þingmaður og
oddviti Flokks
fólksins í NA
kjördæmi

Fjárhagsstöðu fjölmargra Íslendinga hefur nýverið verið teft í tvísýnu. Ekki síst stöðu fólksins sem féll fyrir gylliboðum Seðlabanka Íslands 2020 um 0,75% stýrivexti og situr nú uppi með 4,75% (!) vexti og þarf því fyrirvaralaust að reiða fram stórar fjárhæðir til að verjast vanskilaskrárm Creditinfo sem hafa ósjaldan verið undanfari þess að fólk missir húsnæði sitt, líkt og tugþúsundir máttu þola hér fyrir örfáum árum.

Þeir sem ekki eiga húsnæði eru síðan háðir leigumarkaði þar sem leigan hækkar sífellt. 250.000 króna leigugjald á höfuðborgarsvæðinu hrekkur skammt til, en það er einmitt upphæðin sem þeim er ætlað að lifa af sem veikst hafa, eða einfaldlega látið af störfum að aflokinni heilli starfsævi í íslenska háskattasamfélaginu. Og þá er ekkert eftir til að standa straum af dýrustu matarkörfu heims og öðrum nauðsynjum.

Viðvarandi hungurvofan á hælum þessa fólks er dapurlegasta þjóðarskömm íslensks samfélags – eins hins auðugasta í heiminum.

Sihækkandi vextir Seðlabanka Íslands, ætlaðir sem vopn gegn verðbólgu, virðast nú einkum hafa haft þau áhrif að draga þróttinn úr sjálfa fólkinu í landinu.

Ekki er ljóst með hvaða hætti fólki er ætlað að hosta skyndilega upp stórauðnum mánaðarlegum viðbótargreiðslum til fjármagnseigenda og ljóst má vera að hinir efnaminnstu eru verst í stakk búnir til að verjast þessum óvæntu og vægðarlausu vaxta-vopnum.

Hér blasir við að grípa þarf til skjótra varna fyrir viðkvæmustu hópa samfélagsins.

Ætla mætti að eftirfarandi kviðlingur hafi verið hafður til grundvallar því skringilega ráðabruggi sem nú um stundir veldur almenningi hvað mestri ógleði:

*Af himnunum gullregnið hellist og sjá:
Hverfa nú skuldir sem dögg fyrir sólu!
Verðbólgur dvína og vextirnir ná,
vind að leysa úr fasteignabólu.*

*Áhyggjur fólks því óþarfar munu,
af okri og hækkandi vegtollum hér.
Andvöku lýkur með unaðsstunu:
Allt mun víst leysast af sjálfa sér! ■*



PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is

Það skiptir máli hver stjórnar

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

„Atkvæði greitt VG er atkvæði greitt árangri í loftslagsmálum. Það skiptir máli hver stjórnar.“

Þetta er tilvitnun í grein eftir Guðmund Inga Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra í aðdraganda kosninga fyrir ári. Þá var hann umhverfis- og auðlinda-ráðherra.

Greinin er skrifuð í tilefni af því að Ungir umhverfissinnar höfðu nokkrum dögum áður gefið stjórn-málaflokkununum einkunnir fyrir stefnu í loftslagsmálum. VG fékk 80,3 stig, 0,9 stigum fyrir neðan Pírata í fyrsta sæti og 4 stigum fyrir ofan Viðreisn í þriðja sæti.

Það var sannarlega ástæða fyrir VG að fagna þessu mati og meira en sjálfgefið að nýta það til hins ýtrasta í kosningum um sæti á Alþingi.

Að ári liðnu er að sama skapi fróðlegt að fylgjast með umsögn-um um stöðu loftslagsmála í ljósi þess að fimm ár eru liðin frá því að núverandi ríkisstjórn var mynduð undir forsæti VG.

Innri og ytri skoðun

Katrín Jakobsdóttir forsætis-

ráðherra minnir okkur reglulega á að Ísland sé frumkvæðisþjóð í umræðum um loftslagsmál á leið-togafundum NATO.

Ungir umhverfissinnar virðast aftur á móti ekki sjá framlag Íslands í alþjóðasamfélaginu sömu augum. Í maí greindi Visir frá því mati samtakanna að ríkisstjórnin muni aðeins ná að minnka heildar-losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 um brot af því sem að er stefnt.

Visir hefur eftir talsmanni sam-takanna að þau gefi ríkisstjórninni falleinkunn. Það er nokkuð harður dómur. Nú staðhæfir ASÍ svo að ríkisstjórnin láti launafólk bera þyngri bagga en fyrirtækin í lofts-lagsmálum.

Á loftslagsdeginum í byrjun maí sagði umhverfisráðherra að Ísland stæði nú að baki þeim þjóðum, sem við vildum helst jafna okkur til í loftslagsmálum. Þetta er sjálfs-mat eftir fimm ára ríkisstjórnar-samstarf.

Græna skýrslan

Í mars kom út græn skýrsla um áskoranir í orkumálum með hlið-sjón af stefnunni í loftslagsmálum. Skýrslan var unnin á tveimur mánuðum og sýnir að umhverfis-ráðherra skortir ekki metnað til að ná árangri.

Höfundar skýrslunnar, sem eru trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar, lyftu rauða spjaldinu með því að segja að aðgerðir í orkuöflun hefðu ekki fylgt eftir markmiðum um orkuskipti.

Í byrjun hafði ríkisstjórnin 22 ár til að ákveða orkuöflun fram til



loka orkuskipta 2040, en hefur nú aðeins 17 ár. Fimm ár án stefnu-markandi ákvarðana um orku-öflun eru dýrkeypt.

Græna skýrslan segir einnig að ríkisstjórnin þurfi að velja leiðir að markmiðinu um full orkuskipti. Það átti hún vitaskuld að gera fyrir fimm árum.

Afgreiðsla rammaáætlunar í vor var svo fyrsta tækifærið eftir rauða spjaldið í grænu skýrslunni. Samt var ákveðið að velja ekki leið og setja orkuöflunarákvarðanir áfram í biðflokk.

Loftslagsráð

Í byrjun júní samþykkti loftslags-ráð áskorun til ríkisstjórnarinnar um að framfylgja af mun meiri

festu þeim ákvörðunum, sem þegar hafa verið teknar og hraða frekari stefnubreytingum og aðgerðum í loftslagsmálum.

Stöðumat loftslagsráðs um losun er svohljóðandi: „Markmið um samdrátt í losun gróðurhúsaloft-tegunda fyrir 2030 eru óljós og ófullnægjandi. Nauðsynlegt er að stjórnvöld skýri og útfæri þessi markmið nánar.“

Í lok júní birti loftslagsráð svo greinargerð um samhæfingu opin-berra fjármála og loftslagsmála. Þar segir: „Aflestri fjármálaáætlunar er erfið að átta sig á því hvaða for-sendur, gögn og greiningar liggja að baki forgangsröðun fjármuna og hvaða ávinnings er að vænta af framlögum til einstakra aðgerða.“



Fimm ár án stefnu-markandi ákvarðana um orkuöflun eru dýrkeypt.

Þessar tilvitnanir benda ekki beinlínis til þess að verið sé að fjalla um fimm ára feril ríkisstjórn-ar, sem fari fyrir öðrum þjóðum í loftslagsmálum.

Hitt stendur óhaggað

Ríkisstjórnin getur léttilega blásið á mat Ungra umhverfissinna, þó að það hafi verið gagnlegt fyrir ári. En hún á erfiðara með að virða að vettugi álit umhverfisráðherra sjálfs, nefndar á hans vegum og loftslagsráðs, sem er sjálfstæð óháð opinber stofnun.

Þó að einvörðungu sé horft á innri skoðun opinberra aðila verður ekki séð að raunveruleik-inn rími við sjálfsmynd Íslands í loftslagsmálum á leiðtogafundum NATO.

Hitt stendur óhaggað, sem vara-formaður VG sagði fyrir kosningar: „Það skiptir máli hver stjórnar.“ ■

Hagfræðiprófessor enn á villigötum



Birkir Leósson
löggiltur
endurskoðandi

Í grein minni í Fréttablaðinu 21/7 hrakti ég gagnrýni hagfræðiprófess-ors á reikningsskil og endurskoðun tiltekins ársreiknings. Hann heldur áfram í grein í Fréttablaðinu 26/7.

Laga- og regluverk

Prófessorinn fullyrðir ranglega að undirritaður hafi haldið því fram að regluumhverfi ársreikninga og endurskoðunar sé svo traust að það sé ekki á færi hagfræðiprófessora að bera brigður þar á. Hagfræðipró-fessorum er eins og öðrum heimilt að hafa skoðanir á þessu regluverki og þurfa ekki að vera sammála því, ekki frekar en undirritaður. Það breytir því ekki að fylgja þarf því laga- og regluverki sem í gildi er á hverjum tíma, hvort heldur menn eru sammála því eða ekki.

Endurskoðendur eru ekki óskeik-ulir frekar en aðrir menn, ekki einu sinni hagfræðiprófessorar. Það er auðvelt að nefna dæmi þar um. Það er þó ekki hægt að yfirfæra atvik þeirra mála yfir á aðra óvið-komandi. Undirrituðum er ekki kunnugt um að endurskoðandi íslensks sjávarútvegsfélags hafi verið dæmdur fyrir misgjörðir við endurskoðun þess.

Þvert á það sem prófessorinn segir hefur undirritaður aldrei fullyrt að lög og reglugerðir annars vegar og gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda „tryggi hágæða niðurstöður“. Ætla má þó að þessar ströngu og miklu kröfur og utanað-komandi gæðaeftirlit með ströng-um viðurlögum leiði almennt til betri og staðlaðri vinnubragða en væri án þeirra.

Endurskoðun er undir gæða-efartiliti og ársreikningar eru undir gæðaeftirliti. Stóru sjávarútvegs-félögin eru nú skilgreind sem félög tengd almannahagsmunum sem strangari reglur gilda um en almenn félög. Ársreikningar þeirra og félaga

á hlutabréfamarkaði fá ítarlegri gæðaskoðun ársreikningaskrár. Ekki er kunnugt um að ársreikn-ingaskrá hafi gert athugasemdir við meðferð á aflaheimildum í efnahagsreikningum.

Áuninn óefnisleg réttindi

Prófessorinn hefur ranglega eftir undirrituðum að munurinn á sölu-verði fyrirtækisins Visir hf. annars vegar og verðmætis eiginfjár þess hins vegar sé tilkominn fyrir þá sök að óheimilt sé að færa verð-mæti óefnislegra réttinda til bókar. Þessu hefur undirritaður aldrei haldið fram og telur raunar fráleitt að verðmyndun í viðskiptum ráðist af þessu.

Prófessorinn mistúlkar hvað átt er við með að ársreikningur eigi að gefa glögga mynd. Hann bitur sig í að þessi glögga mynd eigi við um efnahagsreikninginn einan en ekki ársreikninginn í heild sinni, skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar eins og lög og staðlar gera ráð fyrir. Það er vissulega heimilt að víkja í undantekningartilvikum til hliðar ákvæðum ársreikninga-laga ef ársreikningur (í heild sinni) gefur villandi mynd. Prófessorinn vill túlka ákvæðið þannig að það eigi við um ársreikninga allra fyrir-tækja sem hafa áunnið sér óefnis-legar eignir eða réttindi, svo sem aflaheimildir og viðskiptavild. Það gildi þá um nánast öll félög og væri ekki undantekningartilvik. Í ársreikningum Visis hf. eru ítar-legar skýringar um aflaheimildir félagsins, aflahlutdeild, aflamark og aflamark í þorskígildum fyrir hverja einustu fisktegund og síðan samtölur. Ef þessar skýringar gefa ekki glögga mynd af aflaheimildum félagsins þá er erfið að ímynda sér hvað gerir það!

Hagfræðiprófessorinn telur að



Prófessorinn mistúlkar hvað átt er við með að ársreikningur eigi að gefa glögga mynd. Hann bitur sig í að þessi glögga mynd eigi við um efnahagsreikninginn einan en ekki ársreikninginn í heild sinni.

Visir hefði átt að meta aflaheimildir sínar í efnahagsreikningi á bilinu 50-60 milljarða í stað 14 milljarða kostnaðarverðs. Samkvæmt því hefði bókfært eigið fé félagsins í árs-lok 2021 verið um 43-53 milljarðar í stað 7 milljarða skv. samþykktum ársreikningi. Þannig telur pró-fessorinn að glögg mynd náist og efnahagsreikningurinn sýni „raun-verulegt virði“ félagsins. Félagið var selt fyrir 20 milljarða eða innan við helming þess sem prófessorinn telur „raunverulegt virði“. Prófess-orinn talar þannig fyrir „skapandi reikningsskilum“ til að „blása upp“ eigið fé!

Upplýsingar til hins opinbera

Prófessorinn eftir ranglega eftir undirrituðum að greiðsla úr ríkis-sjóði á grundvelli „gallaðra“ upp-lýsinga sé fullkomlega eðlileg. Undirritaður hefur aldrei haldið þessu fram heldur benti einungis á ósmekkleig orð prófessorsins um þá ríkisstarfsmenn sem unnu við afgreiðslu umsókna um afslátt af veiðigjöldum.

Prófessorinn segir: „Jafnræðis-reglan gefur skýra vísbendingu

um að endurskoðandinn þurfi að endurskoða afstöðu sína hvað þetta atriði varðar.“ Enn og aftur er prófessorinn með tilefnislausar ímyndanir um mína afstöðu. Svo enginn velkist í vafa þá er afstaða undirritaðs skýr sú að ef menn eða fyrirtæki hafa látið ríkinu í té rangar upplýsingar og fengið greiðslur frá því byggt á þeim eða greitt minna en átti að greiða til ríkisins vegna þeirra þá beri að sjálfsgöðu að leið-rétta greiðslur til samræmis við rétt-ar upplýsingar. Telji prófessorinn sig vita dæmi slíks ætti hann að koma þeim upplýsingum á framfæri með formlegum hætti við rétta aðila innan stjórnkerfisins í stað þess að vera með rakalausar ásakanir í fjöl-miðlum.

Vilji prófessorinn fá niðurstöðu í málið skorar undirritaður á hann að senda erindi til ársreikningaskrár varðandi innihald einstakra árs-reikninga sem hann telur ekki gerða á réttum forsendum og til endur-skoðendaráðs hafi hann athuga-semdir við vinnubrögð endurskoð-enda. Það eru réttir aðilar til að taka á því ef um slíka ágalla er að ræða sem prófessorinn heldur fram. Geri prófessorinn það ekki verður að líta á orð hans um ársreikninga sjávar-útvegsfélaga og endurskoðendur þeirra sem þá markleysu sem þau eru.

Háskóli Íslands er með síða-nefnd og finar síðareglur sem sjá má á netinu, <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>. Undirritaður hefur ákveðið að kæra hagfræði-prófessorinn til síðanefndarinnar enda ólíðandi að prófessor á háum launum af skattfé saki aðra opin-berlega að tilefnislausu um fjár-svik, önnur lögbrot, vanhæfni, geri mönnum upp skoðanir, hafi rangt eftir mönnum, haldi itrekað fram ósannindum o.s.frv. Með því skaðar hann orðspor háskólans. ■

Ætlar að finna fjölinna á ný í Svíþjóð



Aron Guðmundsson
aron@frettabladid.is

Knattspyrnumaðurinn Arnór Sigurðsson ákvað að snúa aftur á slóðirnar þar sem hann steig sín fyrstu skref í atvinnu-mennsku, Norrköping. Hann hefur gert hlé á samningi sínum við rússneska félagið CSKA Moskvu og hyggst gefa til baka til félagsins sem hefur hjálpað honum mikið.

FÓTBOLTI Arnór gekk fyrst til liðs við Norrköping, sem spilar í sænsku úrvalsdeildinni, aðeins sautján ára gamall árið 2017. Þar sló hann í gegn og það vakti áhuga rússneska stórlíðsins CSKA Moskvu á honum og svo fór að hann gekk til liðs við félagið árið 2017. Eftir erfið undanfarin tímabil taldi Arnór best í stöðunni að snúa aftur til Norrköping og finna taktinn inni á knattspyrnuvöllinum á ný.

„Það fylgir því mjög góð tilfinning að vera kominn aftur til Norrköping,“ segir Arnór í samtali við Fréttablaðið en hann spilaði sinn fyrsta leik í endurkomunni með Norrköping fyrr í vikunni. „Mér líður eins og ég sé kominn aftur heim því það var hér sem ég tók mín fyrstu skref í atvinnumennsku á sínum tíma. Ég þekki staðinn, liðið, fólkið og menninguna í kringum félagið. Það er ótrúlega gott að vera kominn hingað aftur.“

Ákveðið óvissuástand

Hann segir aðdragandann að félagsskiptunum hvað Norrköping varðar ekki hafa verið langan. „Ég var samt sem áður farinn að íhuga stöðu mína í sambandi við CSKA Moskvu og Rússland, þetta gerðist því nokkuð hratt þegar ég gerði upp hug minn varðandi það að yfirgefa Moskvu og segja upp samningi mínum í eitt ár í Rússlandi.“

Arnór nýtti sér þar með bjargráð frá Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA) sem ákvað í lok júnímánaðar að framlengja tímabundið úrræði sem gerði erlendum leikmönnum, hjá félagsliðum í Úkraínu og Rússlandi, kleift að gera hlé á samningi sínum í eitt ár og halda annað án þess að önnur félög þyrftu að greiða fyrir félagsskipti þeirra.



Arnór Sigurðsson er mættur aftur til Norrköping þar sem hann tók áður sín fyrstu skref í atvinnu-mennsku /

MYND/
NORRKÖPING

”

Mér var lofað öllu fögru en svo stóðst ekki neitt af því. Auðvitað var þetta erfiður tími fyrir mig

Arnór Sigurðsson

Úrræðið var sett á laggirnar í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Arnór var á láni hjá ítalska félaginu Venezia á síðasta tímabili og hann segir ástandið í tengslum við Rússland auðvitað hafa áhrif á ákvörðun hans um að halda til Svíþjóðar.

„Auðvitað var þetta ákveðið óvissuástand, maður veit ekki mikið hvernig ástandið þarna úti er en ég spurðist fyrir um það hjá liðsfélögum mínum í Moskvu. Mér fannst það ekki spennandi að fara aftur út til Moskvu á þessum tímipunkti miðað við stöðuna í heiminum.“

Arnór mun eiga eitt ár eftir á samningi sínum við CSKA Moskvu að ári liðnu og hann segir allt opið hvað framhaldið varðar. „Ég hef átt frábæran tíma hjá CSKA Moskvu og þetta er frábært félag, þannig ég úti-loka ekkert í þeim efnun.“

Svekkelsi á Ítalíu

„Ég ætla bara að spila nóg affótbolta núna og njóta þess. Ég átti mjög erfið stöðu á síðasta tímabili á Ítalíu þar sem mér var lofað öllu fögru en síðan stóðst ekki neitt af því. Auðvitað var þetta erfiður tími fyrir mig á Ítalíu því ég kom til félagsins með miklar væntingar. Þess vegna vildi ég taka þetta skref til Norrköping núna, þar veit ég hvað ég er að fara út í.“

Arnór var á láni hjá ítalska félag-

inu Venezia á síðasta tímabili. Hann fór þangað með miklar væntingar um að fá spílatíma og traust en allt kom fyrir ekki.

„Eftir á að hyggja er þetta rosalega mikið svekkelsi fyrir mig,“ segir Arnór um tíma sinn hjá Venezia. „Þetta var svolítið eins og öllum hafi verið boðið í afmæli, það máttu bara allir koma og félagið fékk til sín einhverja fimmtán nýja leikmenn og svo stóðst ekki neitt af því sem þeir sögðu.“

Þetta var svekkjandi tími en að sama skapi lærdómsríkur og þaðan tek ég með mér helling af hlutum sem nýtist sem reynsla fyrir mig. Þetta er bara fótboltinn í hnotskurn, stundum gengur vel og stundum illa og það er á erfiðu tímunum sem reynir virkilega á þig bæði sem einstakling og atvinnumann í knattspyrnu.“

Veit hversu langt hann getur náð

Eftir vonbrigðatímabil hjá Venezia minnti Arnór rækilega á sig í Þjóðadeildinni með íslenska karlalandsliðinu þar sem hann fékk traustið, nægan spílatíma og átti flotta spretti.

„Ég veit þegar að ég fæ að spila fótbolta, níutíu mínútur allar helgar, þá fara hlutirnir að gerast fyrir mig aftur. Ég fann það greinilega í landsleikjahléinu að sjálfstraustið óx

samhliða því sem ég fékk traustið og sömuleiðis um síðustu helgi þegar ég spilaði níutíu mínútur fyrir Norrköping og skilaði bara flottu verki. Þegar ég fæ traustið veit ég alveg hversu langt ég get náð.“

Arnór spilaði sinn fyrsta leik í endurkomunni með Norrköping um síðustu helgi gegn Gautaborg, leik sem tapaðist, en Arnóri var vel tekið og ljóst að stuðningsmenn félagsins hafa ekki gleymt tíma hans þar árin 2017-2018.

„Það fylgdi því mjög góð tilfinning að stíga aftur inn á knattspyrnuvöllinn í Norrköping-treyjunni og ég fékk frábærar móttökur frá stuðningsmönnum. Við hefðum hins vegar ekki átt að tapa þessum leik, vorum miklu betri yfir níutíu mínúturnar og spíluðum flottan fótbolta.“

Ljóst er að mikið verk er fram undan hjá Norrköping, sem er sem stendur í ellefta sæti sænsku úrvalsdeildarinnar.

„Félagið er ekki í þeirri stöðu sem það vill vera í deildinni. Norrköping á að vera að berjast við toppinn, ekki í neðri hlutanum, og þegar að kallið kom frá félaginu þá fannst mér þetta rétti tímamunkturinn til þess að snúa til baka, hjálpa liðinu og gefa til baka því félagið hefur reynst mér alveg gífurlega vel. Mér fannst ég skulda því að hjálpa til á þessum tímamarki.“ ■

Afar krefjandi deild sem Íslendingar hafi mikinn áhuga á

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Enska Championship-deildin fer af stað á föstudaginn en Íslendingar munu geta fylgst með deildinni á streymisveitu Viaplay. Hjörvar Hafliðason, íþróttastjóri Viaplay Sport á Íslandi, telur deildina á meðal þeirra vinsælustu hjá Íslendingum en Ísland á fulltrúa í deildinni. Búast má við hörku tímabili í þessari kröfuhörðu deild.

„Við ætlum að blása til sóknar í umfjöllun um Championship-deildina. Fyrst og síðast er ánægjulegt að fá deildina sem og deildarbikarinn á Viaplay. Við erum náttúrulega með Íslending í Championship-deildinni en ekki ensku úrvalsdeildinni,“ segir Hjörvar Hafliðason í samtali við Fréttablaðið.

Jóhann Berg Guðmundsson er leikmaður Burnley sem féll úr úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og áhugavert að sjá hvernig hann

”

Ég myndi halda að Championship-deildin væri á meðal vinsælustu deilda knattspyrnunnar á meðal Íslendinga

Hjörvar Hafliðason

plumar sig í deildinni á ný eftir nokkurra ára fjarveru frá henni.

„Ég myndi halda að Championship-deildin væri á meðal vinsælustu deilda knattspyrnunnar á meðal Íslendinga, fólk hefur áhuga á þessu og við erum þarna með fornfræg ensk knattspyrnufélög sem berjast um sæti í deild þeirra



Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður Burnley

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

bestu. Við verðum með fjóra til fimm leiki í beinni útsendingu í hverri umferð og munum svo sýna alla leiki útsláttarkeppinnar næsta vor, bæði í League One, League Two sem og Championship-deildinni.“

Úrslitaleikurinn í útsláttarkeppni

Championship deildarinnar er á meðal verðmætustu knattspyrnu-leikja heims. Auk þess að næla sér í sæti í ensku úrvalsdeildinni mun sigurvegari þess leiks tryggja sér fúlgu fjár. Talið er að Nottingham Forest hafi fengið yfir eitt hundrað

og sjötíu milljónir punda í sinn hlut fyrir að hafa borið sigur úr þýtum gegn Huddersfield Town í úrslitaleiknum í maí síðastliðnum.


„Þá gæti líka verið að við munum sýna meira frá League One og League Two á meðan HM í knattspyrnu stendur yfir í nóvember. Þá er gert hlé á Championship-deildinni, líkt og er gert í öðrum helstu deildum Evrópu. Þannig fyrir þá sem eru að farast af fráhvörfum frá enskum fótbolta munu þeir allavega hafa þessar deildir og við sýnum frá þeim.“

Margir af þessum bestu leikmönnum hafa tekið skref fram á við í ensku Championship-deildinni. Harkan í deildinni er mikil, hún krefst mikils af leikmönnum enda eru leiknar fjórutíu og sex umferðir. Það er áhugavert tímabil í völdum,“ segir Hjörvar Hafliðason, íþróttastjóri Viaplay Sport á Íslandi, í samtali við Fréttablaðið. ■

ALLT

FIMMTUDAGUR 28. júlí 2022

KYNNINGARBLAÐ



36 vatnasvæði

**Aðeins
8.900**

veidikortid.is


Hér klæðist Krassasig notuðum buxum sem hann keypti á Bricklane í London og bol frá Asos. Reebok-skóna keypti hann á Tenerife.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tískan er flæðandi dæmi

Tónlistarmaðurinn Krassasig kaupir helst notaðar flíkur. Þegar kemur að tísku segist hann fá innblástur úr ólíklegustu áttum. Krassasig kemur fram á Innipúkanum um helgina. **2**



Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is



Tónlistarmaðurinn Kristinn Arnar Sigurðsson, betur þekktur undir listamannsnafninu Krassasig, er fjölhæfur listamaður sem kemur víða við. Fyrsta breiðskífa hans kemur út síðar á árinu en fyrr í sumar gaf hann út fyrsta lagið af henni sem ber heitið 1-0. „Platan er verkefni sem ég er búinn að vera að vinna í síðustu þrjú árin og rammur svolítið inn líf mitt á þessu tímabili. Það stýttist í að hún komi út og þá mun hún fá að tala fyrir sig sjálf. Planið er svo að fylgja plötunni eftir með tónleikum og öðrum upþákomum. Þetta leggst allt bara ótrúlega vel í mig og ég get ekki beðið eftir að leyfa þessum lögum að lifna við á sviði.“

Smá tilraunasett
Krassasig kemur fram á tónlistar-hátíðinni Innipúkanum sem fer fram um verslunarmannahelgina í Gamla bíói og Röntgen í miðbæ Reykjavíkur. „Tónleikarnir mínir verða á föstudeginum ásamt fleiri góðum listamönnum og hljómsveitum. Þar mun ég flytja smá tilraunasett með Magnúsi Jóhanni, sem mun innihalda trommuheila, synth, gítar og góða stemningu.“

Fjölbreytt verkefni
Hann fæst við ýmislegt utan tónlistarinnar. „Síðustu ár hef ég verið með fókus á leikmyndir og hannað rými fyrir svið og myndbönd. Ég hef mest hannað fyrir tónlistar-tengd verkefni, lifandi flutning í sjónvarpi, tónleika og tónlistar-myndbönd og aðeins fyrir leikhús. Meðal verkefna má til dæmis nefna tónleikana með Bríeti í Eldborg um daginn og svo leikstýrði ég atriði með Of Monsters and Men fyrir Jimmy Fallon einu sinni. Einnig hef ég unnið aðeins með Ólafi Arnalds og gerði leikmynd fyrir Kanarí í Þjóðleikhúskjallaranum.“
Auk þess hefur hann smíðað og hannað innréttingar fyrir heimili en það er eitthvað sem hann langar að gera meira af í framtíðinni. „En inni á milli hef ég alltaf verið að gera tónlist sem er svona mitt persónulega verkefni og er einmitt að fara gefa því aðeins meiri fókus í sumar.“



Hér klæðist Kristinn Barbour-sundskýlu sem hann keypti hjá Kormáki & Skildi.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Skórnir eru samstarfs-verkefni Sean Wotherspoon og Adidas. Levi's-jakkann, sem búið er að klóra, keypti hann notaðan á Bricklane. Gleraugun eru Cutler and Gross og keypt í Sjáðu og Population-derhúfan er partur af verki eftir eftir Árna Vil, vin hans.

Spurt og svarað

Hvernig hefur tiskudhugi þinn þróast undanfarin ár?
Ég held að hann hafi ekki þróast mjög mikið, þetta er svona eilífðar eltingarleikur.
Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?
Bara úti um allt. Maður er alltaf með augun opin, fylgist með fólkinu í kringum sig og öllu efni sem maður horfir á og skoðar.
Hvar kaupir þú helst fötin?
Ég reyni að kaupa sem mest notuð fót á mörkuðum en svo er uppáhaldsbúðin mín hérna heima Kormákur & Skjöldur. Svo er það oft þannig að flikur koma bara til manns óvænt.
Hvaða litir eru í mestu uppáhaldi?
Ég er mikill jarðtóna maður, brúnt, grænt, appelsínugult eru litirnir mínir.
Áttu minningar um gömul tiskuslys?
Á einhverjum tímapunkti,

þegar ég var svona fjórtán ára, fannst mér rosa töff að vera í eldrauðum „skinny jeans“.
Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að fatnaði?
Mér dettur helst í hug Daniel Ágúst.
Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar enn þá?
Örugglega bara eitthvað praktískt eins og regnjakkinn minn.
Áttu eina uppáhaldsflik?
Nei, ég get ekki sagt það.
Bestu og verstu fatakaupin?
Besta sem kemur upp í hugann er dúnúlpán mín sem er geggjuð appelsínugul 90's Fila-úlpa. Verstu kaupin eru örugglega einhverjir af þessum hringum sem ég hef týnt.
Notar þú fylgihluti?
Ég hef mjög gaman af öllum höfuðfötum og gleraugum. Einnig hef ég reynt að vera hringatýpa líka en ég týni þeim alltaf.

Mér finnst oft eins og flikur komi bara til mín, frekar en að ég sé að leita eða fylgjast með.

Krassasig

Innblástur úr ólíkum áttum
Krassasig segist líta á tísku sem flæðandi dæmi. „Maður er alltaf með augun opin og fær innblástur alls staðar að og oft úr ólíklegustu áttum. Mér finnst oft eins og flikur komi bara til mín, frekar en að ég sé að leita eða fylgjast með. Ég veit hvað ég fila og stekk á það þegar það kemur til mín. Yfirleitt kaupi ég notaðar flikur og finnst oft gaman að setja handbragð mitt á flikina, til dæmis með því að skera stundum af parta eða bæta við.“ ■

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

ÚTSALA ENN MEIRI VERÐLÆKKUN 50-60% AFSLÁTTUR



hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Ekki hræðast að vera öðruvísi á útihátíðinni



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Margrét Lea Bachmann hefur alltaf haft áhuga á tisku, sem varð til þess að hún fór í nám í Barcelona í tisku-, markaðs- og samskiptafræðum. Í vor lauk hún síðan námi sem förðunarfræðingur. Margrét Lea veit alveg hvernig er best að klæða sig um helgina.

Margrét Lea var spurð hvernig hún myndi ráðleggja fólki að klæða sig um helgina. Hún var ekki í vandræðum með að svara því. „Klæða sig eftir veðri og leyfa persónuleikanum að skína í gegn. Ekki hræðast að vera öðruvísi en aðrir,“ segir hún og bætir við að sjálf fari hún í venjulegan fatnað en poppi hann upp með flottri tiskuflík. „Mér finnst lopapeysur flottar en sjálf hef ég ekki getað notað þær þar sem mig klæjar undan ullinni. Lopapeysan er alltaf sigild fyrir þá sem geta notað hana,“ segir hún.

Engin útihátíð að þessu sinni
Margrét Lea segir að hér á landi sé mikið úrval af útivistarfatnaði. „Það er ótrúlega mikið í boði, 66°Norður er alltaf vinsælt merki og svo finnst mér vera mjög margt flott í Cintamani. Sjálf elska ég útihátíðir þótt mér finnst alltaf þægilegast að sofa heima. Ef ég fer á þjóðhátíð er ég löngu áður byrjuð að pæla í því hvernig ég klæðist. Mér finnst skemmtilegt að vera smá öðruvísi en aðrir.“

Margrét opnaði snyrtivöruverslunina Shay ásamt systur sinni, Írisi, í nýja miðbænum á Selfossi í október á síðasta ári. Þær hafa verið á fullu að sinna versluninni síðan svo þessa helgina verður bara vinna hjá Margréti, sem er Selfyssingur. „Þessa verslunarmannahelgi verð ég að vinna í búðinni auk þess að gera efni fyrir Instagram sem ég vinn við. Kíki kannski út með vinum hér í heimabænum. Annars væri ég rosalega til í að fara á þjóðhátíð með vinkonunum. En verð vist bara í skvísufötum í vinnunni.“

Frekar regnjakki en ruslapoki
Er þú káleg að vera bara í gallabuxum og úlpu á þjóðhátíð?
„Það er pottþétt blanda, sérstaklega ef gengið er um bæinn, en ef ég væri að fara niður í Dal myndi ég vera í hlýjum undirfötum og vera í góðri peysu. Flottur jakki yfir væri toppurinn,“ segir hún.

Á myndum frá útihátíðum fyrri ára má sjá unglinga í svörtum ruslapokum þegar byrjaði að rigna. Þegar Margrét er spurð hvort ekki væri betra að vera í vönduðum regnjakka svarar hún: „Eflaust er hægt að gera eitthvað mjög töff úr svörtum ruslapoka, það gæti verið áskorun að finna út úr því. Ég er frekar hrifin af appelsínugulu iðnaðarjökkkunum, fékk einu sinni þannig lánaðan hjá pabba og leið vel í honum. Annars hefur úrvalið af útivistarfatnaði hér á landi breyst mikið til batnaðar frá því sem áður var,“ segir hún.

Vanda skal förðunina
Þegar Margrét er spurð hvort stelpur ættu að farða sig í útilegum, svarar hún að hverjum sé það frjálst. „Ég kys að mála mig og finnst gaman að nota alls kyns demanta og liner til að poppa upp augun með lituðum augnskugga. Það er svo margt hægt að gera. Það þarf að passa að förðunarvörurnar endist vel yfir kvöldið, sé vatnseldur. Þá er nauðsynlegt að nota CC-krem sem grunn undir farðann

sem endist þá lengur, síðan setting spray og púður. Ég gæti ekkert farið án þess að hafa contour-stiftið mitt frá Lancôme og kinnalitinn Whipped Powder frá Shiseido. Húðumhirðan skiptir þó öllu máli. Munið að hreinsa húðina eftir fjörið en Face Halo skífurnar eru algjör snilld til þess, þær eru eins og strokleður, farðinn rennur strax af,“ segir Margrét. „Ekki gleyma rakaserumi og rakakremi. Það er þægilegt að taka með sér þessar vörur í litlum stærðum.“

Tiskan heillar
Þegar Margrét lauk náminu í Barcelona starfaði hún með deildarstjóra og stílista í Lindex og fékk að aðstoða við opnun verslunarinnar í Danmörku. Margrét, sem er 26 ára, ákvað síðan að skella sér í förðunarnám hjá Reykjavík Make Up School og segist hafa algjörlega fallið fyrir því. Tiska og förðun hefur alltaf heillað Margréti og hún segist fá mikinn innblástur frá fjölskyldu sinni og vinum. „Ég horfi líka eftir innblæstri á Instagram og Pinterest. Ég leit mikið upp til eldri systur minnar og fylgdist vel með þegar hún og vinkonur hennar voru að klæða sig upp og farða. Ég gat ekki beðið eftir að geta orðið svona fin en systir mín var alltaf með eigin stíl og lét tiskusveiflur ekki hafa áhrif á fatavalið. Sem betur fer er svo mikið frelsi í tiskunni í dag,“ segir Margrét sem mun vantanlega hafa nóg að gera um helgina. ■



Töffaraleg í Eyjum en Margrét Lea hefur skemmt sér vel á þjóðhátíð.



Það er ekkert flottara en að bera hatt um verslunarmannahelgina og skera sig svolítið úr mannfjöldanum.



Margrét Lea hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tisku og förðun. Hún veit alveg hvernig er best að klæða sig fyrir útileguna um verslunarmannahelgina.

MYNDIR/ÞSENDAR



Leðurjakkinn er í lagi ef maður er í hlýjum undirfötum og góðri peysu.



Þykk hettupeysa og útivistarvesti. Þetta getur ekki klikkað þegar haldið er í útilegu.



Kuldaúlpan er alltaf sigild og svo er hún afskaplega hlý í íslensku veðri.



Jafnvel flottur rykfrakki getur komið sér vel ef maður er vel klæddur undir og þeir eru vinsælir núna.

” Ef ég fer á þjóðhátíð er ég löngu áður byrjuð að pæla í því hvernig ég klæðist.



YEST/YESTA skyrta
Stærðir 38-56
Verð áður 10.980 kr
Útsöluverð 7.686 kr

ZE ZE Enzy síður pífukjöll
Fæst líka í bláu - Stærðir 40-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 7.693 kr

ZE ZE Prego síður kjöll
Fæst líka í svörtu - Stærðir 38-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 6.594 kr

YEST/YESTA tunika
Stærðir 38-52
Verð áður 9.980 kr
Útsöluverð 6.986 kr

YESTA Harmy kjöll
Stærðir 44-56
Verð áður 12.980 kr
Útsöluverð 7.788 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZE ZE Nordic

Q'neel



YEST/YESTA úlpukápa
Stærðir 40-60
Verð áður 19.980 kr
Útsöluverð 13.986 kr

STUDIO jakki
Stærðir 38-52
Verð áður 14.980 kr
Útsöluverð 10.486 kr

MAT vesti
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-46
Verð áður 16.980 kr
Útsöluverð 8.490 kr

ZE ZE/ZHENZI létt peysa
Fæst í fleiri litum - Stærðir 38-52
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 2.495 kr

YESTA opin peysa
Stærðir 44-48
Verð áður 10.980 kr
Útsöluverð 5.490 kr

SUNDAY
by Godske

FRANDSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



YESTA Aurelia treggings
Fást í fleiri litum - Stærðir 44-52
Verð áður 7.980 kr
Útsöluverð 5.586 kr

ZHENZI/ZE ZE leggings
Stærðir 38-52
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 3.493 kr

ZHENZI/ZE ZE leggings
Stærðir 38-52
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 3.493 kr

ZHENZI/ZE ZE leggings
Stærðir 38-52
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 3.493 kr

ZHENZI/ZE ZE leggings
Stærðir 38-52
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 3.493 kr

Verslunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Best heppnaða útlit ársins


Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Söng- og leikkonan Selena Gomez varð þrítug síðast-liðinn föstudag og blés að sjálfsögðu til veislu af því tilefni og klæddi sig upp á í gullfallegan kjól frá Versace.

Kjöllinn sem Selena Gomez klæddist í afmælisveislunni sinni vakti athygli tiskuspekúlanta, þegar hún birti mynd af sér í honum á Instagram. Hann var sagður ná fullkomnu jafnvægi á milli nútímans og þess tímalausa. Kjöllinn var alsettur fingerðum bleikum perlum í takt við rósaskreytingarnar sem Selena fyllti heimili sitt af í tilefni dagsins. Ýmsir höfðu orð á því að kjöllinn minnti örlítið á kjóla sem stjörnurnar klæddust á gullaldartímabilinu í Hollywood.

Best heppnaði klæðnaður ársins
Blaðamaður hjá tiskutímaritinu Vogue sagði að klæðnaður Selenu í þrítugsafmælinu hefði verið eitt best heppnaða útlit hennar á árinu. En í sumar hefur hún reglulega klæðst kjólum í stíl 6. og 7. áratugar síðustu aldar.

Selena hefur haft nóg að gera í sumar en hún hefur verið að kynna nýja þáttaröð sem hún leikur í og er sýnd á Hulu, en þættirnir kallast Only Murders in the Building, auk þess hefur hún komið fram í verslunum og kynnt snyrtivörulínuna sína, Rare Beauty. Á þessum viðburðum hefur hún skartað líflegum kjólum og pílsum í gömlum stíl, sem vakið hafa verðskuldaða athygli.

Innblásið frá sjöunda áratugnum
Selena hefur lengi unnið með stílistanum Kate Young og saman hafa þær lagt áherslu á útlit innblásið frá 7. áratugnum og þá sérstaklega stutt pils.

Í síðustu viku kom Selena fram í París vegna viðburðar á vegum Rare Beauty. Þá klæddist hún tvískiptum klæðnaði frá Gingham Alaia, köflóttum stuttermagabol og pliseruðu stuttu pils í stíl. Við þetta klæddist hún hvítum tåmjóum hælaskóm.

Selena hefur lengi unnið með stílistanum Kate Young og saman hafa þær lagt áherslu á útlit innblásið frá 7. áratugnum.

Stuttu seinna sást hún í Milánó aftur í stuttu pliseruðu pils en að þessu sinni var hún í smaragðsgrænni hnepptri skyrtu við pilsíð sem var með rauðum og svörtum breiðum röndum.

Í vikunni sást Selena í London, aftur klædd í stíl 7. áratugarins. Að þessu sinni klæddist hún gulum stuttum kjól með ferköntuðu hálsmáli þegar hún mætti á kynningarkvöld fyrir snyrtivörulínuna sína. Kjöllinn þótti mjög flottur og telja tiskuspekúlantar að Selena hafi sannarlega nýtt sumarið til að prófa sig áfram með nýjan og ferskan fatastíl sem fer henni svo sannarlega vel.

Sátt við að vera þrítug
Það verður gaman að sjá hvort Selena haldi áfram að prófa sig áfram með þennan fatastíl eða hvort hún eigi eftir að feta nýjar slóðir í fatavali þegar liður á fertugsaldurinn. Söngkonan er í það minnsta mjög ánægð með að vera orðin þrítug. En eftir afmælisveisluna skrifaði hún á Instagram að þrítugsaldurinn hafi verið ferðalag í gegnum góðar, erfiðar og fallegar stundir sem hún muni aldrei gleyma.

„Hver og ein þeirra hefur gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Eftir nokkurra daga fögnuð er hjarta mitt fullt af þakklæti og ég get sagt að mér er virkilega farið að líka við 30,“ skrifar hún. ■



Selena á kynningu á snyrtivörulínunni sinni, Rare Beauty, í stuttu pliseruðu pils og smaragðsgrænni skyrtu. Selena hefur í sumar verið að prófa sig áfram með nýjan stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mögnuð melting, alla daga

SYNERGIZE-YOUR-GUT®. Hágæða blanda af sýrpolnum góðgerlum fyrir öfluga meltingu. Eitt hylki á dag fyrir heilbrigða þarmaflóru.



Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! Fæst nú í Apótekanum, Lyf & heilsu, Hagkaup og Krónunni.



Selena í tvískiptum klæðnaði, köflóttu pils og bol í stíl í anda 7. áratugarins, sem hún heldur upp á.



Gulí kjöllinn sem Selena mætti í á viðburð á vegum Rare Beauty í London vakti athygli.

Það er komið sumar!



Útdraganlegt þak

Álgrind 4m á breidd og 3m út með 8mm holplasti í þaki. Tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn.

Kr. 295.000



Gróðurhús

Þessi gróðurhús henta vel íslenskum aðstæðum. Gerð úr sterkum ál prófílum og með 4mm holplasti.

Tvær stærðir:

3,10 x 2,38 m: **Kr. 180.000**

4,30 x 2,38 m: **Kr. 225.000**

Jarðarberjapottar í gróðurhúsið



7 Pottar saman ásamt botni mynda potta turn. Fínt til að rækta jarðarber. Samtals hægt að rækta 28 plöntur í einum turni.

(Plöntur fylgja ekki með)

Kr. 7.000

Þægilegur úti stóll



Kr. 45.000

LED perur fyrir Flúrlampa

Sparaðu rafmagn með því að skipta yfir í LED perur
- Gott í vörugæmslur og bílageymslur

50% Afsláttur

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít: **Verð kr. 700**
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít: **Verð kr. 900**
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít: **Verð kr. 1.000**



Upplýsingar fást hjá SMH Gróðurhús ehf.

Í Síma: 866-9693

Á Facebook: Gróðurhús SMH ehf

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Sæpotur



Sæpota SEA DOO RXP 215 hó 2007 árg. 1.800.000 kr. SEA DOO RXP 215 hó 2007 árg. Super-charged. 49 klst notkun. Kerra, segl, 2x þurrúningar M og L. Einn eigandi frá 2009, gott ástand. Verðhugmynd kr: 1.800.000 sigruna11@gmail.com eða 8682871

Bílar til sölu



Atvinnutækifæri! Til sölu vel við hlaðinn Iveco Euro Cargo árg. 2001. í Toppstandi til afhendingar strax. Með Wingliner vörukassa og gámalása festingum. Ekinn 288 þús. km. Stöðvarleyfi fylgir með. Uppl. í síma 892 2033 Kristján.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagardur 3 • S: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

VEIDIPORTID
Grandagardur 3 • S: 552-9940

2,6hp. Tvígengis
Tilboð 99.000.kr
Fullt verð 110.000.kr

Aðeins 10kg

SAIL®

Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

VEIDIPORTID
Grandagardur 3 • S: 552-9940

9,8hp. Tvígengis
Tilboð 249.000.kr
Fullt verð 289.000.kr

Aðeins 28kg

SAIL®

Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalittir Hljóólatir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hó

Miðhraun 13 - 210 Garðabæ
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja



ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstipvott, helluþrif og Pallaþrif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR

Áratuga reynsla viðgerðum á smávélum

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Almenn garðumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planöfl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 867 4254

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningavinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


STIGA

Einstök gæði

Stiga TwinClip 950V
Lúxus sláttuvél með drifi Stigalaust drif-196cc, 2,20kW mótur Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Lítið íbúð til leigu í Garðabæ, fyrir reglusaman einstakling. Meðmæla frá fyrri leigusala óskast. Uppl. í s. 894 4412

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, móturhjóla og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR EFTIR

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðapjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTA AUGLÝSINGAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 28. júlí-1. ágúst

Grill-tvenna
lambmjöðm og
nautarumpsteik

2.399 kr/kg
3.999-kr/kg

KJÖTSEL

40%

KJÖTSEL

45%



Grísabógsneiðar,
steinaldarsteikur

769 kr/kg
1.399-kr/kg

30%



Græn vínber,
500 g

349 kr/pk
499-kr/pk

25%



Bökunarkartöflur

194 kr/kg
259-kr/kg

SS



30%

Lamba-fillet
í hvítlauks-
og piparkryddlegi

3.849 kr/kg
5.499-kr/kg



20%

Kartöflusalat
MM, 450 g

519 kr/stk
649-kr/stk

KJÖTSEL

40%



Léttreyktar
grísakótilettur,
hunangslegnar

1.859 kr/kg
3.099-kr/kg

KJÖTBORD

25%



Hamborgarar
8-12% fita, 2x90 g

449 kr/pk
599-kr/pk



Sigraðu
innkaupin
og fáðu
betra verð
á matvöru
með
Samkaupa
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Merkisatburðir

1821 Perú fær sjálfstæði frá Spáni.

1895 Vigð er brú á Þjórsá við Þjótanda að viðstöddu fjölmenni.

1928 Sumarólympíuleikar eru settir í Amsterdam.

1934 Fyrsta stjórn Hermanns Jónassonar tekur til starfa á Íslandi. Hún er samsteypustjórn og kölluð Stjórn hinna vinnandi stétta.

1954 Húgó Chavez fæddur.

1957 Vigð er kirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og nefnd **Hallgrímskirkja**, til minningar um sálmaskáldið og prestinn Hallgrím Pétursson, sem þjónaði þar síðustu áratugi sína í embætti.

1960 Norðurlandaráð heldur fyrsta þing sitt á Íslandi.

1984 Sumarólympíuleikarnir settir í Los Angeles.

1988 Gunnar Nelson fæddur.



Íslenski torfbærinn er dæmi um einkar vistvænt mannvirki.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

Grænu skóflunni stungið niður

Græna skóflan er ný viðurkenn-ing fyrir framúrskarandi vistvæn og sjálfbær mannvirki.

ser@frettabladid.is

Tilnefningar standa nú yfir fyrir Grænu skófluna sem eru nýtilkomin verðlaun á vegum Grænni byggðar. Henni verður í fyrsta skipti úthlutað í haust sem viðurkenningu fyrir mannvirki sem byggt hefur verið með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum.

„Þetta kom til í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030 sem gefinn var út af samstarfsvettvanginum Byggjum grænni framtíð,“ segir Áróra Árnadóttir framkvæmdastjóri Grænni byggðar. „Þar koma stjórnvöld og atvinnulífið sér saman að því hvernig megi haga vistvænni mannvirkjagerð á Íslandi.“

Ein af aðgerðunum sem fram komu í vegvísinum var úthlutun hvatningarverðlauna sem nú hefur fengið heitið Græna skóflan.

„Grænni byggð tók að sér að framfylgja þessu og við tókum við tilnefningum til verðlaunanna til 15. ágúst og þeim verður úthlutað 30. september, á degi Grænni byggðar,“ útskýrir Áróra.

”

Það er þó ekkert fast í steini heldur metum við hvert mannvirki fyrir sig.

Fjölþætt mat

Meðal þeirra þátta sem horft verður til við mat á tilnefningum eru byggingarefni, orka, úrgangur, landnotkun og hringrásarhagkerfi.

„Það er þó ekkert fast í steini heldur metum við hvert mannvirki fyrir sig,“ segir Áróra. „Það er svo misjafnt hvað telst sem vistvænt mannvirki. Það getur bæði tengst þáttum eins og lágu kolefnisspori eða vistvænum byggingarefnum, en það getur líka tengst því hvort fólki líði vel í mannvirkinu eða að aðgengi að því sé gott.“

Hugmyndin um hvað teljist vistvænt er þar afleiðandi ekki einungis umhverfisleg heldur einnig félagsleg, þótt meiri áhersla sé lögð á umhverfispáttinn við mat verðlaunanna.

Torfbærinn til fyrirmyndar

Knúin um dæmi um vistvænt mannvirki vísar Áróra í séríslenskan þjóðararf: torfbæinn.

„Byggingarefni torfbæjarins voru staðbundin og því ekki þörf á að flytja þau inn með tilheyrandi losun. Þau voru frekar litíð unnin, og því litil eða engin losun frá framleiðsluferlinu,“ segir hún. „Torfbærinn þróaðist líka með ibúunum. Ef fjölskyldan stækkaði þá var bærinn stækkaður, og því er hægt að segja að hann hafi verið með mjög sveigjanlega hönnun. Í dag rifum við gjarnan hús sem ekki lengur henta undir ákveðna starfsemi, því erfitt getur reynst að breyta þeim.“

Áróra segir vegvísinn mikilvægt skref í vistvænni mannvirkjagerð á Íslandi.

„Það hafa auðvitað verið sett markmið um samdrátt í kolefnislosun en að baki hverju markmiði eru aðgerðir, og að baki hverri aðgerð eru ábyrgðaraðilar,“ segir hún. „Við erum kominn með keðjuna sem þarf til að hlutirnir gerist. Ég held að með vegvísinn að leiðarljósi þá séum við á réttri leið.“

Hægt er að leggja fram tilnefningar til Grænu skóflunnar á heimasíðu Grænni byggðar. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigurlaug Guðmundsdóttir

lést 25. júlí. Útför auglýst síðar.

**Pórey S. Torfadóttir
Valgerður Torfadóttir
Guðmundur Torfason
og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Bjarnadóttir

Gnúpufelli,
Eyjafjarðarsveit,

lést 21. júlí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Anna Rósa, Þórlaug, Friðfinnur Knútur, Svanhildur,
Friðjón Ásgeir Danielsbörn og fjölskyldur.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,

**Anna María Elísabet
Einarisdóttir**

Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum þann 26. júlí. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju þann 10. ágúst kl. 13.00.

**Gústaf Guðmundsson Hjörtur Jóhannsson
Bjarni Þór Gústafsson Elísa Berglind Sigurjónsdóttir
Ásta Gústafsdóttir Ingólfur Már Ingólfsson
Inga Rósa Gústafsdóttir Sigurður V. Fjeldsted
barnabörn og barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Þorsteinsdóttir

Borgartúni 30b,

lést 25. júlí. Útför fer fram í Fossvogskirkju 3. ágúst klukkan 13.00.

**Sigurður Halldórsson Rafn Rafnsson
Sif Sigurðardóttir Jón Emil Rafnsson
Atli Rafnsson Eyþór Rafnsson
Anna Birna Rafnsdóttir Karl Sigurðsson
Sigurður Orri, Baldur Rafn og Selma Sif**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Sædal Svavarsson

Máshólum 10, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 25. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 4. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Vilborg Gestsdóttir Gestur Óskar Magnússon Guðrún Elva Jónsdóttir
Sigurbjörg Magnúsdóttir Jón Svan Sverrisson
Dagur Ari, Eyrún Hulda og Svala.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Bragi Þórðarson

fv. bókaútgefandi,
Stillholti 21, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, mánudaginn 25. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Elin Þorvaldsdóttir Þorvaldur Bragason Guðrún Jóhannsdóttir
Bryndis Bragadóttir Carsten Kristinsson
og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Elísabet J. Kristjánsdóttir

(Lilla)
Árskógum 6,

andaðist laugardaginn 23. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 3. ágúst kl. 15.00.

**Jósef Jónasson Bragi Þór Jósefsson Regina Berndsen
Björgin Jósefsson Margrét Ludwig
barnabörn og barnabarnabörn.**



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Lengjumörkin

FIMMTUDAG KL. 20.00 OG 22.00

Hringbraut er heimili Lengjudeildarinnar í sumar.
Hörður og Hrafnkell fara ítarlega yfir úrslit og
mörk í leikjum Lengjudeildar karla í knattspyrnu.



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suður með sjó Viðtalsþáttur um fólk á Suðurnesjum í stjórn Páls Ketilssonar.
- 20.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
- 20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Mannamál (e)

Sjónvarp Símans

- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 The Bachelorette
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 Family Guy
- 19.40 MakeUp
- 20.15 How We Roll
- 20.45 Impeachment
- 21.35 The L Word. Generation Q
- 22.30 Love Island
- 23.15 The Late Late Show
- 00.00 FBI
- 00.45 The Rookie
- 01.30 Law & Order. Special Victims Unit
- 02.15 Station Eleven
- 03.15 Love Island
- 04.00 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Sumarlandabrot
- 13.15 Útsvar 2012-2013 Reykjanesbær - Akranes.
- 14.15 Bækur og staðir Dritvík.
- 14.20 Pricebræður bjóða til veislu
- 15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
- 16.00 Nörd í Reykjavík
- 16.30 Framapot
- 17.00 Basl er búskapur
- 17.30 Ekki gera þetta heima
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ofurhetjuskólinn
- 18.16 Fótboltastrákurinn Jamie
- 18.44 HM 30 Markmið 12 - ábyrg neysla og framleiðsla.
- 18.50 Lag dagsins Todmobil - Lommér að sjá.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Sumarlandabrot
- 19.45 Fótbolti, Vilhjálmur prins og andleg heilsa okkar Heimildapáttur frá BBC um herferð Vilhjálms Bretaprins fyrir andlegt heilbrigði karlmanna.
- 20.40 Sögur fyrir stórfé Við fylgjumpremum farsælum umboðsmönnum sem gera ábatasama samninga milli eigenda vörumerkja og áhrifavalda.
- 21.05 Þýskaland 89'
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Neyðarvaktin Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago.
- 23.05 Ófærð
- 23.55 Dagskrárlok

Stöð 2

- 07.55Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Who Do You Think You Are?
- 10.20 Drew's Honeymoon House
- 11.00 Líf dafnar
- 11.40 Í eldhúsinu hennar Evu
- 12.00 Besti vinur mannsins
- 12.25 Nágrannar
- 12.45 X-Factor. Specials - All stars
- 13.55 Tónlistarmennirnir okkar
- 14.40 Family Law
- 15.20 30 Rock
- 15.40 30 Rock
- 16.00 Grand Designs. Sweden
- 16.45 The Heart Guy
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.45 Sportpakinn
- 18.50 Miðjan
- 19.00 Listing Impossible
- 19.45 Mr. Mayor
- 20.05 Kurteist fólk Myndin fjallar um óhæfan verkfræðing sem lýgur sig inn í samfélag á Vesturlandi.
- 21.40 Janet Stórstjarnan Janet Jackson segir sjálf sögu sína í þessari mögnuðu heimildarmynd.
- 22.25 Conversations with Friends
- 22.55 Grantchester
- 23.40 Pandore
- 00.30 The Mentalist
- 01.15 Who Do You Think You Are?
- 02.10 Drew's Honeymoon House
- 02.55 Family Law
- 03.35 30 Rock
- 03.55 30 Rock

Siggi Hall segir frá öllum ævintýrum sínum

Úrval af Mannamálsþáttum síðasta vetrar rennur nú yfir skjái Hringbrautar – og er þar af nógu að taka af hundruðum viðtalsþátta í seríunni sem eru að baki allt frá fyrsta útsendingardegi stöðvarinnar árið 2015. Og nú er komið að því að viðra kynni sín við matreiðslumeistarann Sigga Hall sem fer á kostum í samtali sínu við Sigmund Erni í þættinum sem sýndur verður á ný í kvöld. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hjartardýr
- 5 ónotaður
- 6 rún
- 8 meðhjálpari
- 10 tveir eins
- 11 speki
- 12 verð
- 13 rándýr
- 15 fjórðungur
- 17 hagnað

LÓÐRÉTT

- 1 lyktir
- 2 preyta
- 3 litlaus
- 4 rannsakandi
- 7 skrá
- 9 blaðabrot
- 12 fálátur
- 14 hal
- 16 stafur

LÁRÉTT. 1 elgur, 5 nýr, 6 yr, 8 djákni, 10 aa, 11 ví, 12 þarf, 13 ötur, 15 korter, 17 gróða. LÓÐRÉTT. 1 endalok, 2 ljá, 3 grá, 4 rýni, 7 rit-færa, 9 kvartó, 12 þurr, 14 tog, 16 eð.

Sudoku

		8		5				7
	1	6	4		7		5	
		7	8					
		9				7		
4		3	9	6	1			
1				7		9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

						7	2	4
4		6			3		5	
				5				
	5	8	2					6
	4		6					
2				4				
						6		
	2	1	7			9		8
6		9	5	8				7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Eldað Með Hönnu Þóru

HAGKAUP
frettabladid.is

Eldað með Hönnu Þóru eru örþættir á frettabladid.is. Þættirnir eru sýndir þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga.

Hanna Þóra sýnir hvernig á að útbúa ketó veislur fyrir alla fjölskylduna á einfaldan og fljótlegan máta.



**Meiri
lækkun**

SUMAR MARKAÐS- DAGAR

25-70%
afsláttur
af völdum vörum



Skannaðu kóðann og
skoðaðu tilboðin á byko.is

*SAMAN í
60 ÁR*

BYKO



Arnar Tómas
Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

Heima í Úkraínu

Úkraínskir ljósmyndarar vilja sýna fegurð lands síns fyrir hörmungar stríðsins í nýrri sýningu í Norræna húsinu.

Ljósmyndasýningin Heima verður opnuð í Norræna húsinu á morgun. Þar verður að finna myndir teknar af sex úkraínskum ljósmyndurum áður en stríðið hófst. Sýningarstjórar eru Yegveny Dyer og Iryna Kamienieva, sem búa bæði á Íslandi.

„Ég kom til Íslands í byrjun mars á þessu ári til að sækja um alþjóðlega vernd,“ segir Iryna. „Mér fannst ég frekar týnd fyrst um sinn og vildi endilega taka þátt í stuðningi við Úkraínu svo ég skipulagði úkraínska ljósmyndasýningu í Núllinu Gallery. Þar kynntist ég Yegveny sem kom að sjá sýninguna.“

Yegveny hefur búið á Íslandi síðastliðin 11 ár og segir ljósmyndun hafa verið helstu ástríðu sína á þeim tíma.

„Fyrsta verkefnið mitt var til-einkað innflytjendamálum, nánar tiltekið hvernig það er að vera fjarri heimili sínu og missa það síðan án þess að finna nýtt,“ segir hann.

Pau Irina og Yegveny sáu listina sem kjörið verkfæri til að fá fólk til að missa ekki áhugann á Úkraínu og spratt sýningin út frá því.

„Við vildum sýna Úkraínu á jákvæðari hátt en fólk hefur vanist á síðustu mánuðum,“ segir Yegveny. „Við viljum að fólk upplifi hlýju, notalegheit og fjölbreytileika landsins, upplifi þær tilfinningar sem við ólumst upp við.“

Að fanga hlýjuna

Á myndum sínum á sýningunni reynir Yegveny að sýna Úkraínu eins og hann upplifði landið fyrir stríð – litríkt og andrúmsloftið létt.

„Að vera innflytjandi aðskildi mig frá Úkraínu á vissan hátt og sem ljósmyndari vildi ég að ég hefði fangað meira af hlýju lands míns. Þrátt fyrir það þykir mér enn vænt um hverja stund og hverja mynd sem ég hef tekið þar,“ segir hann.

Iryna tekur undir með Yegveny. „Við sjáum margar úkraínskar sýningar í ólíkum löndum, allar um stríðið. Okkar snýst líka um stríðið en í fyrsta lagi erum við að leggja áherslu á að þetta stríð sé að gerast á fallegum stað sem við köllum heimili okkar,“ útskýrir hún. „Margir útlendingar höfðu ekki heyrt um



Iryna kynntist Yegveny þegar hann kom á sýningu hennar í Núllinu Gallery.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Myndin af þessum appelsínugula bíl er Yegveny sérstaklega kær. Afi hans átti bílinn í meira en tuttugu ár og tréð þar á bak við var gróður-sett daginn sem Yegveny fæddist.

MYND/
YEGVENY DYER



Alls koma sex ljósmyndarar að sýningunni.

”

Við vildum sýna Úkraínu á jákvæðari hátt en fólk hefur vanist á síðustu mánuðum.

Úkraínu fyrir stríðið og það gæti verið erfitt fyrir þá að ímynda sér hvernig landið var áður. Við viljum gefa þeim tækifæri til þess.“

Sýningin verður opnuð klukkan 17 á morgun og stendur yfir til 20. ágúst. ■



Þessa mynd tók Iryna á eyjunni Dzharlyhach árið 2020. Vinahópurinn hennar var samankomin til að fagna afmæli eins vinarins og á myndinni má sjá sólarupprisuna morguninn eftir veisluna.

Lokatónleikar Windworks í Safnasafninu

arnartomas@frettabladid.is

Í dag lýkur alþjóðlegu tónlistarhátíðinni Windworks í norðri með sólótónleikum í Safnasafninu á Svalbarðsstönd. Þar mun þýski flautuleikarinn Katrin Szamatulski bjóða upp á efnisskrá sem ber yfirskriftina Women's Voices Around the World.

Hátíðin hófst á Ólafsfirði og er skipulögð af tónlistarhópnum Aulos Flute Ensemble. Listrænn stjórnandi og stofnandi hátíðarinnar er flautuleikarinn Pamela De Sensi.

„Það er búið að ganga ofboðslega vel. Að halda tónleika á þessum söfnum er aðeins öðruvísi en aðsóknin er búin að vera þrýðileg,“ segir Pamela.

Hugmyndina að baki hátíðinni segir Pamela vera að hafa hátíð helgaða blásturshljóðfærum.

»

Hugmyndin að baki hátíðinni er að hafa hátíð sérstaklega helgaða blásturshljóðfærum.

„Tónlistin á hátíðinni er allt frá barokk til nútímatónlistar, með áherslu á íslenska tónlist,“ útskýrir hún. „Við viljum gefa bæði íslenskum og erlendum blástursleikurum pláss. Þegar við auglýstum eftir umsóknum fyrir hátíðina fengum við gríðarlega mikið af svörum sem er alveg æðislegt. Ég held að allir hafi verið að biða eftir svona hátíð.“

Pamela er afar spennt fyrir sólótónleikunum í kvöld.

„Katrin er flautuleikari sem er mjög þekkt fyrir nútímatónlist og mun bjóða upp á mjög spennandi dagskrá um nútíma kventónskáld um allan heim,“ segir Pamela. „Hún spilar bæði á pikkoló, þver- og altflautu. Þegar ég er að velja dagskrá fyrir hátíðina reyni ég að hafa þetta mjög fjölbreytt, svo þessir tónleikar smellpassa fyrir safnið í kvöld.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 14 í dag. ■



Katrin mun flytja dagskrá sem hverfist um nútíma kventónskáld.

MYND/ADSEND

Aðeins í dag!



25 kr.

afsláttur fyrir lykil- og korthafa á öllum ÓB-
og Olisstöðvum í dag, fimmtudaginn 28. júlí




4x

Saga Club félagar fá fjórfalda
Vildarpunkta Icelandair í dag,
fimmtudaginn 28. júlí

ób

*Afslátturinn gildir ekki á ÓB-stöðvunum við Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup, Hamraborg og Hlíðarbraut á Akureyri. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.

olis



TAKMARKAÐ
UPPLAG!



súperstar Íspinni



50 ÁRA
AFMÆLIS
ÚTGÁFA

SÆTUR OG SVALUR

Nældu þér í alvöru nostalgiu með Súperstar íspinnanum sem var fyrst framleiddur fyrir 50 árum síðan. Ljúffengur mjólkuris með kaffibragði og gómsætum súkkulaðihjúp.

Sumarleikur Heimsferða og Fréttablaðsins



Viltu vinna
sólarlandaferð?

Skannaðu kóðann
og skráðu þig til leiks



frettabladid.is/
kynningar/sumarleikur

Fullt af glæsilegum vinningum í boði frá



Pabbi útvarpskonunnar var hlaupagarpur og goðsögn. Ósk fetar nú í fótspor pabba síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Veit að pabbi hennar hleypur með henni

Útvarpskonan Ósk Gunnarsdóttir mun hlaupa hálfmaraþon í minningu föður síns, íþróttamannsins Gunnars Snorrasonar, sem lést á síðasta ári. Ósk hyggst ná að hlaupa maraþon fyrir fertugt, en þau pabbi hennar settu sér það markmið saman.

odduraevar@frettabladid.is

Ósk Gunnarsdóttir er flestum landsmönnum kunn sem ein hressasta útvarpskona landsins. Pabbi hennar, hlauparinn Gunnar Snorrason, lést í fyrra en hann var ekki minna þekktur, Íslandsmeistari í hlaupum og Gullblikki, svo fátt eitt sé nefnt.

„Pabbi er náttúrlega bara goðsögn,“ segir Ósk, sem hyggst hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka þann 20. ágúst næstkomandi í minningu pabba síns. „Hann hljóp aldrei á malbiki, heldur bara á grasinu, meira að segja á milli hraðbrauta og allir héldu náttúrlega að hann væri eitthvað skríttinn,“ segir Ósk hljandi og felst á það að líklega hafi Gunnar verið fyrsti íslenski utanvega-hlauparinn.

Grét af söknuði

„Ég vaknaði eiginlega bara til lífsins og ákvað bara að byrja að hlaupa aftur,“ segir Ósk um það þegar pabbi hennar lést í fyrra. Pabbi hennar hafi alltaf lagt á það áherslu við hana að lifa heilbrigðu lífi og hlaupa.

„Hann var alltaf að yta hlaupum að mér og bróður mínum. Alltaf að segja okkur að svefninn skipti öllu máli og sjálfur fór hann bara að sofa klukkan tíu öll kvöld,“ útskýrir Ósk hreykin. Hún segir hann hafa verið hraustasta mann sem hún hafi þekkt.

„Hlaupin voru líf hans og sál og í hvert sinn sem ég hleyp, þá geri ég það auðvitað fyrir sjálfa mig, en ég geri það líka fyrir pabba,“ segir Ósk, sem tekst þannig á við sorgina. Hún segist finna fyrir nærveru pabba síns þegar hún hleypur.

„Þegar ég hljóp niður erfiðustu



Ósk hyggst hlaupa hálfmaraþon og maraþon í minningu pabba síns.

”

Ég var alltaf að kíkja og sagði nokkrum sinnum: „Pabbi, hættu, jæja, þetta er komið gott.“

brekkuna og kom í mark í Dyrfjalla-hlaupinu í sumar þá fór ég að hágrenja. Ég grenjaði bara af söknuði, að hann væri ekki að fara að taka á móti mér. Ég bætti mig um klukkutíma og leið ótrúlega vel. En á sama tíma vissi ég að hann væri með mér. Það var bara einhver tilfinning,“ segir Ósk.

„Allt hlaupið hélt ég að einhver væri að taka fram úr mér. Það var aldrei neinn en mér leið alltaf eins og það væri einhver fyrir aftan mig. Ég var alltaf að kíkja og sagði nokkrum

sinnum: „Pabbi, hættu, jæja, þetta er komið gott.“ Maður verður náttúrlega snargeðveikur á hlaupum líka,“ segir Ósk og skellir upp úr.

Hyggst ná markmiðinu

Ósk hleypur fyrir Alzheimer-samtökin, sem hún segir að hafi reynst fjölskyldunni vel í veikindum föður hennar. „Það er oft sagt að Alzheimer sé einn erfiðasti sjúkdómurinn fyrir aðstandendur,“ segir Ósk.


„Pabbi var alltaf líkamlega í toppstandi. En á endanum er þetta ekki pabbi manns. Líkaminn er þarna en sálin og persónuleikinn er bara farinn. Samt horfir maður á hann og það virðist allt í lagi með hann, en þarna er ljúfur maður sem allt í einu verður reiður. Þetta er brútal sjúkdómur fyrir aðstandendur,“ segir Ósk, sem segir ekki hægt að lýsa með orðum hve vænt henni þyki um Alzheimer-samtökin.

Á næsta ári ætlar Ósk að hlaupa maraþon fyrir samtökin og ná því fyrir fertugt. „Það er markmið sem ég og pabbi settum okkur saman og ég ætla að heiðra minningu hans með því að ná því.“ ■

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek
eða fáðu sent heim.



Lyfjaval 
HEILSA & HAMINGJA

www.lyfjaval.is

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Bakþankar

Stefán Ingvars Vigfússonar

Traust

Við sitjum í flugrútu, ég og Hófi, kærastan mín. Rútan er ágæt en ég vil ekki vera hérna. Ég vil vera í strætó. Ég tek helst strætó út um allt innan Reykjavíkur, hann er alls konar, sá lífsstíll, eins og vagninn sjálfur. Það var tekin ákvörðun um að almenningssamgöngur á Íslandi skyldu vera lélegar, sennilega var það gert til þess að enginn þyrfti að upplifa sig sem hluta af samfélagi. Íslendingar eru með ofnæmi fyrir samfélagskennd. Við viljum búa í einbýlishúsum með stórum gördum til þess að helluleggja. Við viljum keyra einkabil í vinnuna og loka okkur af inni á skrifstofu og fá hvítvínið með pósti og draga fyrir og drekka og dreyma um verslunarmannahelgina þegar við losum um spennu og brjótum eitthvert drasl á tjaldsvæði norður í landi. Við viljum alla vega ekki taka strætó, hann er svo alls konar.

Öllu jöfnu er ég nokkuð frjáls ferða minna, það er sjaldgæft að barnlausir, sjálfstætt starfandi textasmiðir þurfi að mæta eitthvert. Yfirleitt bíður enginn eftir mér, yfirleitt skipta ferðir mínar litlu máli. Fæstar ferðir skipta raunar máli, eða það held ég. Þær eru farnar til þess að fylla upp í dagana, hafa eitthvað að hugsa um og baksa við. Einhvern veginn verðum við að lifa þessu lífi.

Það sem ég á við er að ég treysti strætó ekki, ég myndi ekki lána strætó pening eða bíða hann að passa köttinn minn, Lísu. Núna er eitthvað í húfi. Ég er að fara til Ítalíu, þar bíður mín heil þjóð fólks, samfélag þeirra jafnvel. Þar bíða mín kolvetni, kaffi og traustar almenningssamgöngur. En ég treysti ekki strætó fyrir flugi og þess vegna sit ég í rútu þvert á vilja minn. ■

Allt fyrir veisluna

Skreytingar
Borðbúnaður
Búningar
Tækjaleiga

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Hámarkaðu sumarið!

STÆRST SKENSTAD (HE)

Vertu með allt á hreinu í útilegunni, útihátíðinni, bústaðnum eða hvar sem þú verður um helgina. Leiktu yfir þig og einbeittu þér að gleðinni!

XQ Party hátalari
17.990 kr.

Nova Folf diskósett
4.990 kr.

Nova Spikebolti
13.990 kr.

NÝ VARA

50.000 króna afsl.

MATE Mate City raðhjól
239.990 kr.
~~289.990 kr.~~

50.000 króna afsl.

Rafmagnað fjör!

Rafmagnað hjól sem er fullkomið fyrir skreppuferðir og lengri ævintýri. Þú getur pakkað hjólinu saman svo það smellpassar í bílinn og þú getur meira að segja hlaðið snjallsímann á hjólinu!

nova.is

NOVA